STJÓRNARTÍÐINDI C 2 — 1973

AUGLÝSING

um samning milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu.

Hinn 28. febrúar 1973 var í Brussel skipzt á fullgildingarskjölum vegna samnings milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu, sem gerður var í Brussel hinn 22. júlí 1972.

Samkvæmt 37. gr. samningsins tekur hann gildi hinn 1. apríl 1973, samanber þó ákvæði bókunar nr. 6.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 5. marz 1973.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

C 6

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

SAMNINGUR

milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands.

EFNAHAGSBANDALAG EVRÓPU
annars vegar og

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND
hins vegar,

sem æskja þess að efla og auka efnahagsleg samskipti Efnahagsbandalagsins og Íslands í tilefni stækkunar Efnahagsbandalags Evrópu og að tryggja samfellda þróun viðskipta milli Efnahagsbandalagsins og Lýðveldisins Íslands, án þess að raskað sé grundvelli eðlilegrar samkeppni, með það fyrir augum að vinna að uppbyggingu Evrópu,

og hafa einsett sér í þessu augnamiði að afnema smám saman höft á meginhluta viðskipta sinna í samræmi við ákvæðin um stofnun fríverzlunarsvæða í Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti,

og lýsa sig reiðubúin, með hliðsjón af öllum atriðum, sem máli skipta, og einkum þróun Efnahagsbandalagsins, til að athuga möguleika á að þróa og efla samskipti sín, komi í ljós, að það sé gagnlegt og í samræmi við efnahagslega hagsmuni þeirra að láta samskiptin ná til sviða, sem þessi samningur tekur ekki til,

hafa ákveðið, í samræmi við þessi markmið og með það í huga, að ekkert ákvæði þessa samnings megi túlka þannig, að það leysi samningsaðilana frá skuldbindingum þeirra samkvæmt öðrum alþjóðasamningum, að gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr.

Samningur þessi miðar að því:

a) að efla með aukningu gagnkvæmra viðskipta samfellda þróun efnahagssamskipta Lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu og að stuðla þannig að efnahagslegum framförum, bættum lífskjörum og atvinnuskilyrðum, aukningu framleiðni og fjármálalegu jafnvægi á Íslandi og í Efnahagsbandalaginu,
b) að tryggja, að viðskipti samningsaðilanna eigi sér stað á grundvelli eðlilegrar samkeppni,
c) að stuðla þannig með afnámi viðskiptahafta að samfelldri þróun og aukningu alþjóðaviðskipta.

2. gr.

Samningur þessi tekur til vara, upprunninna á Íslandi og í Efnahagsbandalagi Evrópu,

i) sem falla undir 25.—99. kafla Bruxelles-tollnafnaskrárinnar, að undanteknum þeim vörum, sem taldar eru í viðauka I;
ii) sem taldar eru í bókunum nr. 2 og nr. 6, en tillit er tekið til þeirra sérreglna, sem kveðið er á um í bókunum þessum.

3. gr.

1. Engir nýir innflutningstollar verða lagðir á viðskipti Íslands og Efnahagsbandalagsins.

2. Efnahagsbandalagið, í upphaflegri mynd þess, og Írland skulu afnema innflutningstolla í áföngum eins og hér segir:

— 1. apríl 1973 verður hver tollur lækkaður í 80% af grunntolli;
— hinar fjórar lækkanirnar, 20% hver, verða:

1. janúar 1974
1. janúar 1975
1. janúar 1976
1. júlí 1977.

3. Að því er varðar hverja vöru er grunntollur sá, sem lækkaður er samkvæmt þessari grein og bókun nr. 1, sá tollur, sem gilti í reynd 1. janúar 1972.

Ef tollalækkanir, sem samið var um í tollasamningunum, sem gerðir voru við lok samningaviðræðnanna í Genf (1964—1967), koma til framkvæmda eftir 1. janúar 1972, koma tollarnir, eins og þeir eru eftir þessar lækkanir, í stað grunntolla samkvæmt því, sem greinir í 1. mgr.

4. Tollalækkanir samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og bókunar nr. 1 verða framkvæmdar þannig, að fyrsti aukastafur í tugabroti verður hækkaður upp eða lækkaður.

Með fyrirvara um beitingu Efnahagsbandalagsins á ákvæðum 5. tl. 39. gr. Samkomulags um aðildarskilmála og aðlögun að samningum, sem tókst í samningaviðræðum Evrópubandalaganna, Konungsríkisins Danmerkur, Írlands, Konungsríkisins Noregs og hins Sameinaða Konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, verða ákvæði þessarar greinar og bókunar nr. 1 að því er varðar vörumagnstolla eða hluta slíkra tolla í blönduðum tollum írsku tollskrárinnar, framkvæmd þannig, að fjórði aukastafur í tugabroti verður hækkaður upp eða lækkaður.

4. gr.

1. Á þeim tímamörkum, sem tilgreind eru, ber Íslandi að lækka innflutningstolla gagnvart Efnahagsbandalaginu, í upphaflegri mynd þess, og Írlandi í hluta af hinum ýmsu grunntollum, er í gildi voru 1. marz 1970, svo sem greinir hér að neðan.

Grunntollar	2	4	5	10	12	15	20	25	30	35	40	50	60	65	70	75	80	90	100
1. apríl 1973	2	4	4	7	8	11	14	18	21	25	30	35	40	45	50	55	55	65	70
1. janúar 1974	0	3	3	6	7	9	12	15	18	21	24	30	35	40	40	45	50	55	60
1. janúar 1975	0	3	3	5	6	7	10	13	15	17	20	25	30	30	35	35	40	45	50
1. janúar 1976	0	2	2	4	5	6	8	10	12	14	16	20	24	25	30	30	30	35	40
1. janúar 1977	0	2	2	3	4	4	6	7	9	10	12	15	18	20	21	22	25	25	30
1. janúar 1978	0	0	0	2	2	3	4	5	6	7	8	10	12	13	14	15	16	18	20
1. janúar 1979	0	0	0	2	2	2	2	2	3	3	4	5	6	6	7	7	8	9	10
1. janúar 1980	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

2. Ísland heldur áfram að lækka tolla gagnvart Danmörku, Noregi og hinu Sameinaða Konungsríki Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi, sem hér eftir er einnig nefnt Bretland, frá 1. janúar 1974 samkvæmt tímaáætlun 1. tl.

5. gr.

1. Ákvæðunum um afnám innflutningstolla í áföngum verður einnig beitt við fjáröflunartolla.

Samningsaðilar geta sett fjáröflunargjöld í stað fjáröflunartolla eða þess hluta tolls, sem er fjáröflunareðlis.

2. Ísland getur haldið um sinn fjáröflunartollum á vörum, sem taldar eru í viðauka II, enda sé gætt ákvæða 19. gr.

Þegar hafin er á Íslandi framleiðsla á sams konar vörum og taldar eru í viðauka II, ber að lækka tolla af þeim að því marki, sem náð hefði verið, ef lækkun þessara tolla hefði fylgt tímaáætluninni í 1. tl. 4. gr. frá því, að samningurinn gekk í gildi. Ef ákveðinn er lægri tollur gagnvart þriðja ríki en nemur fjáröflunartolli, verður tollalækkunin framkvæmd á grundvelli þess tolls.

Síðari lækkanir skulu fylgja tímaáætluninni í 1. tl. 4. gr.

3. Danmörk, Írland, Noregur og Bretland geta haldið fjáröflunartolli eða fjáröflunarhluta tolls til 1. janúar 1976, ef til þess kemur, að beitt verði 38. gr. Samkomulags um aðildarskilmála og aðlögun að samningum, sem tókst í samningaviðræðum Evrópubandalaganna, Konungsríkisins Danmerkur, Írlands, Konungsríkisins Noregs og hins Sameinaða Konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

6. gr.

1. Í viðskiptum Íslands og Efnahagsbandalagsins skal ekki leggja á nein ný gjöld, sem hafa sömu áhrif og innflutningstollar.

2. Þegar samningurinn tekur gildi, verða afnumin gjöld, sem hafa sömu áhrif og innflutningstollar og lögð eru á eftir 1. janúar 1972 í viðskiptum Íslands og Efnahagsbandalagsins.

Þegar samningurinn tekur gildi, verða öll gjöld, sem hafa sömu áhrif og innflutningstollar, lækkuð í þá gjaldhæð, sem þau höfðu í reynd 1. janúar 1972, ef gjöldin eru hærri 31. desember 1972.

3. Gjöld, sem samsvara innflutningstollum, verða felld niður stig af stigi eins og hér segir:

— Öll gjöld verða lækkuð, í síðasta lagi 1. janúar 1974, í 60% af þeirri gjaldhæð, sem var 1. janúar 1972.
— Hinar þrjár lækkanirnar, 20% hver, koma til framkvæmda:
  1. janúar 1975
  1. janúar 1976
  1. júlí 1977.

7. gr.

1. Í viðskiptum Íslands og Efnahagsbandalagsins má hvorki leggja á útflutningstolla né gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif.

Útflutningstollar og gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, skulu afnumin eigi síðar en 1. janúar 1974.

2. Ísland getur haldið kerfi því um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem var í gildi 1. janúar 1972 og er að finna í viðauka III.

Breytingar, sem kunna að verða gerðar á kerfinu, mega ekki breyta eðli og markmiðum þess. Slíkar breytingar ber að tilkynna sameiginlegu nefndinni fyrirfram.

8. gr.

Bókun nr. 1 ákvarðar tollkerfi tiltekinna vara og aðrar reglur, sem um þær eru settar.

9. gr.

Bókun nr. 2 ákvarðar tollkerfi tiltekinna vara, sem framleiddar eru úr landbúnaðarafurðum, og aðrar reglur, sem um þær eru settar.

10. gr.

1. Ef settar eru sérstakar reglur vegna framkvæmdar stefnu í landbúnaðarmálum eða gerðar breytingar á gildandi reglum, getur viðkomandi samningsaðili aðlagað þá skipan fyrir viðkomandi vörur, er leiðir af þessum samningi, að þeim reglum.

2. Í þessum tilvikum tekur viðkomandi samningsaðili á viðeigandi hátt tillit til hagsmuna hins aðilans. Í þessu augnamiði geta samningsaðilarnir haft samráð í sameiginlegu nefndinni, sem kveðið er á um í 30. gr.

11. gr.

Bókun nr. 3 ákvarðar upprunareglurnar.

12. gr.

Hafi samningsaðili í hyggju að lækka virka tolla eða samsvarandi gjöld gagnvart þriðja ríki, sem nýtur beztu kjara ákvæða, eða að hætta að beita slíkum tollum eða gjöldum, ber honum að tilkynna sameiginlegu nefndinni þessa lækkun eða niðurfellingu a. m. k. 30 dögum fyrir gildistöku, verði því við komið. Viðkomandi samningsaðili tekur til athugunar allar athugasemdir hins aðilans, sem varða röskun, er gæti leitt af þessu.

13. gr.

1. Í viðskiptum Íslands og Efnahagsbandalagsins verður hvorki stofnað til nýrra innflutningshafta né annarra ráðstafana, sem hafa samsvarandi áhrif.

2. Efnahagsbandalagið fellir niður innflutningshöft 1. janúar 1973, og ráðstafanir, sem hafa samsvarandi áhrif og innflutningshöft, í síðasta lagi 1. janúar 1975.

Ísland fellir niður innflutningshöft og ráðstafanir, sem hafa samsvarandi áhrif og innflutningshöft, í síðasta lagi 1. janúar 1975.

14. gr.

1. Efnahagsbandalagið áskilur sér að breyta reglum um olíuvörur, sem falla undir tollskrárnúmer 27.10, 27.11, 27.12, úr 27.13 (parafín, smákristallað vax, móvax, parafínleifar) og 27.14 í Bruxelles-tollnafnaskránni, þegar tekin verður upp sameiginleg skýrgreining á upprunahugtakinu að því er varðar olíuvörur, þegar ákvarðanir verða teknar um sameiginlega viðskiptastefnu varðandi þessar vörur, eða þegar tekin verður upp sameiginleg stefna í orkumálum.

Þá ber Efnahagsbandalaginu að taka á viðeigandi hátt tillit til hagsmuna Íslands og veita sameiginlegu nefndinni, sem kemur saman eins og ráð er fyrir gert í 32. gr., upplýsingar í þessu efni.

2. Ísland áskilur sér að fara að á samsvarandi hátt, ef sambærilegar aðstæður koma upp að því er það varðar.

3. Með þeim fyrirvörum, sem felast í 1. og 2. tl., hefur þessi samningur ekki áhrif á reglur, aðrar en tollaákvæði, um innflutning á olíuvörum.

15. gr.

1. Samningsaðilar lýsa sig reiðubúna, að því leyti sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samfelldri þróun viðskipta með landbúnaðarvörur, sem samningurinn tekur ekki til.

2. Samningsaðilum ber að framkvæma reglur sínar varðandi búfjár- og jurtasjúkdóma og heilbrigðiseftirlit í landbúnaði án mismununar og forðast að gera nýjar ráðstafanir, sem gætu torveldað viðskipti á óréttmætan hátt.

3. Samningsaðilar kanna, eftir því sem ráð er fyrir gert í 33. gr., þá erfiðleika, sem gætu komið upp í viðskiptum þeirra með landbúnaðarvörur, og leitast við að finna viðeigandi lausn.

16. gr.

Frá 1. júlí 1977 geta vörur, upprunnar á Íslandi, ekki notið betri kjara við innflutning til Efnahagsbandalagsins en gilda í viðskiptum aðildarríkja þess innbyrðis.

17. gr.

Í bókun nr. 6 eru sérstök ákvæði, sem gilda um innflutning tiltekinna sjávarafurða til Efnahagsbandalagsins.

18. gr.

Ákvæði þessa samnings eru því ekki til hindrunar, að haldið sé við eða stofnað til tollabandalaga, fríverzlunarsvæða eða sérreglna um flutninga yfir landamæri, að því leyti, sem ekki er raskað þeirri skipan viðskipta, sem ráð er fyrir gert í þessum samningi, og einkum ákvæðunum um upprunareglur.

19. gr.

Samningsaðilar skulu forðast allar fjármálaráðstafanir og fjármálaaðgerðir innanlands, sem hafa beint eða óbeint í för með sér mismunun milli vara frá öðrum samningsaðilanum og sams konar vara frá hinum samningsaðilanum.

Vörur, sem fluttar eru út til landsvæðis annars samningsaðilans, geta ekki notið hærri endurgreiðslu á innlendum álögum en þeim gjöldum nemur, sem á þær hafa verið lögð, beint eða óbeint.

20. gr.

Engin höft má leggja á greiðslur, sem fara fram vegna vöruviðskipta eða yfirfærslu á þessum greiðslum til ríkis, sem er aðili að Efnahagsbandalaginu, og þar sem kröfuhafinn er búsettur, eða til Íslands.

21. gr.

Samningur þessi hindrar ekki, að komið sé á innflutningsbanni eða takmörkunum á innflutningi, útflutningi eða á flutningi yfir land, ef aðgerðir þessar réttlætast af ástæðum, sem varða almennt siðgæði, allsherjarreglu, almannaöryggi, líf og heilsu manna og dýra eða gróðurvernd, verndun þjóðarverðmæta, sem hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, einkaréttindi á sviði iðnaðar og verzlunar, eða reglur um meðferð á gulli og silfri. Þess konar bönnum og takmörkunum má þó engan veginn beita til gerræðislegrar mismununar, eða til að leggja dulin höft á viðskipti milli samningsaðilanna.

22. gr.

Ekkert ákvæði þessa samnings hindrar samningsaðila í að gera ráðstafanir,

a) sem hann telur nauðsynlegar til að hindra uppljóstranir, sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum;
b) sem varða viðskipti með vopn, skotfæri og herbúnað eða rannsóknir, þróun eða

nauðsynlega framleiðslu vegna landvarna, með því skilyrði, að þessar ráðstafanir breyti ekki samkeppnisgrundvelli að því er varðar vörur, sem ekki eru sérstaklega ætlaðar til hernaðarþarfa;

c) sem hann telur mikilvægar öryggi sínu á ófriðartímum eða þegar alvarleg spenna verður í alþjóðasamskiptum.

23. gr.

1. Samningsaðilum ber að forðast allar aðgerðir, sem eru fallnar til að valda hættu á, að markmiðum þessa samnings verði ekki náð.

2. Þeim ber að gera allar ráðstafanir, almennar og sérstakar, sem eru fallnar til að tryggja framkvæmd skuldbindinga samkvæmt samningnum.

Ef samningsaðili álítur, að hinn aðilinn hafi vanefnt skyldur sínar samkvæmt samningnum, getur hann gert viðeigandi ráðstafanir í samræmi við ákvæði 28. gr. og eftir þeim leiðum, sem þar eru greindar.

24. gr.

1. Eftirgreindar ráðstafanir eru ósamrýmanlegar góðri framkvæmd þessa samnings í þeim mæli, sem þær eru fallnar til að skaða viðskiptin milli Íslands og Efnahagsbandalagsins:

i) Allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samhæfðir viðskiptahættir fyrirtækja, sem miða að því að hindra, hamla eða spilla fyrir samkeppni að því er varðar framleiðslu og vöruviðskipti, eða leiða til slíks;

ii) misnotkun af hálfu eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi aðstöðu á öllu landsvæði samningsaðilanna eða á verulegum hluta þess;

iii) öll opinber aðstoð, sem spillir eða er fallin til að spilla fyrir samkeppni með því að veita einstökum fyrirtækjum eða einstakri framleiðslu forréttindi.

2. Ef samningsaðili telur, að tiltekin framkvæmd sé ósamrýmanleg þessari grein, getur hann gert viðeigandi ráðstafanir í samræmi við ákvæði 28. gr. og eftir þeim leiðum, sem þar eru greindar.

25. gr.

Þegar aukning innflutnings tiltekinnar vöru veldur alvarlegu tjóni eða hættu á alvarlegu tjóni á framleiðslustarfsemi, sem stunduð er á landsvæði annars samningsaðilans, og ef þessi aukning stafar af

— lækkun eða afnámi tolla og samsvarandi gjalda, sem kveðið er á um í þessum samningi, á þeirri vöru í innflutningslandinu og

— því, að tollar og samsvarandi gjöld, sem útflutningsríkið leggur á innflutning hráefna eða hálfunninna vara, sem notuð eru í framleiðslu viðkomandi vöru, eru verulega lægri en tollar og samsvarandi gjöld, sem lögð eru á í innflutningslandinu,

getur samningsaðilinn, sem hagsmuna hefur að gæta, gert viðeigandi ráðstafanir í samræmi við ákvæði 28. gr. og eftir þeim leiðum, sem þar eru greindar.

26. gr.

Ef annar samningsaðilinn verður var við, að beitt er undirboðum í samskiptum við hinn aðilann, getur hann gert viðeigandi gagnráðstafanir í samræmi við ákvæði samningsins um gildistöku VI. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti, í samræmi við ákvæði 28. gr. og eftir þeim leiðum, sem þar eru greindar.

27. gr.

Ef alvarleg truflun verður í einhverri framleiðslugrein eða erfiðleikar, sem geta leitt til alvarlegrar röskunar á efnahagslífi landshluta, getur samningsaðili, sem í hlut á, gert viðeigandi ráðstafanir í samræmi við 28. gr. og eftir þeim leiðum, sem þar eru greindar.

28. gr.

1. Ef samningsaðili setur vöruinnflutning, sem getur valdið erfiðleikum eins og lýst er í 25. og 27. gr., undir opinbert eftirlit til að afla skjótlega upplýsinga um, hvert stefnir í viðskiptunum, ber honum að tilkynna hinum aðilanum um þær ráðstafanir.

2. Í þeim tilvikum, sem fjallað er um í 23. til 27. gr., lætur samningsaðilinn, sem í hlut á, sameiginlegu nefndinni í té allar upplýsingar, sem komið geta að notum, til að unnt sé að kanna ástandið vandlega og leita lausnar, sem báðir aðilar geta sætt sig við, áður en gerðar eru ráðstafanir, sem ráð er fyrir gert í 23. til 27. gr. eða eins fljótt og hægt er, þegar um er að ræða þau tilvik, sem fjallað er um í d-lið 3. töluliðs.

Velja ber öðrum fremur þær ráðstafanir, sem minnst raska framkvæmd þessa samnings.

Öryggisráðstafanirnar ber strax að tilkynna sameiginlegu nefndinni, sem mun reglulega ráðgast um þau, einkum með það fyrir augum, að frá þeim verði horfið strax og aðstæður leyfa.

3. Við framkvæmd ákvæða 2. tl. verður farið að sem hér segir:

a) Að því er varðar 24. gr. getur hvor samningsaðilinn sem er lagt málið fyrir sameiginlegu nefndina, ef hann telur, að tiltekið atferli sé ósamrýmanlegt góðri framkvæmd samningsins í skilningi 1. tl. 24. gr.

Samningsaðilum ber að veita sameiginlegu nefndinni allar upplýsingar, sem að gagni mega koma, og veita henni nauðsynlega aðstoð við könnun á gögnum og, ef því er að skipta, við að uppræta atferli það, sem áfellzt hefur verið fyrir.

Ef það bregzt, að samningsaðilinn, sem í hlut á, bindi enda á atferlið innan þess frests, sem sameiginlega nefndin ákveður, eða, ef ekki næst samkomulag í nefndinni innan þriggja mánaða frá þeim degi, er málið var borið upp í nefndinni, getur aðilinn, sem hagsmuna á að gæta, gert öryggisráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að vinna bug á alvarlegum erfiðleikum, sem leiða af atferlinu, einkum með því að fella tollaívilnanir úr gildi.

b) Að því er varðar 25. gr. verða erfiðleikar, sem leiða af ástandi, sem gert er ráð fyrir í greininni, tilkynntir sameiginlegu nefndinni til könnunar, og getur nefndin þá tekið allar gagnlegar ákvarðanir til að binda enda á það.

Ef sameiginlega nefndin eða útflutningssamningsaðilinn hafa ekki tekið ákvörðun, sem bindur enda á erfiðleikana innan 30 daga frá tilkynningu, getur innflutningssamningsaðilinn lagt jöfnunargjald á innfluttu vöruna.

Þetta jöfnunargjald er reiknað í hlutfalli við áhrifin á verðmæti umræddrar vöru af þeim tollamismun, sem staðreynt er, að sé vegna hráefna hálfunninna vara, sem notaðar eru í framleiðsluna.

c) Að því er varðar þau tilvik, sem um ræðir í 26. gr., fara fram umræður í sameiginlegu nefndinni, áður en samningsaðilinn, sem hagsmuna á að gæta, gerir viðeigandi ráðstafanir.

d) Þegar óvenjulegar aðstæður, sem gera tafarlausar aðgerðir nauðsynlegar, gera það ókleift, að könnun fari fram áður, getur samningsaðilinn, sem hagsmuna á að gæta, við þær aðstæður, sem gert er ráð fyrir í 25., 26. og 27. gr., þegar um er að ræða aðstoð við útflutning, sem hefur þegar í stað bein áhrif á viðskiptin, gert án tafar óhjákvæmilegar gagnráðstafanir til að ráða bót á ástandinu.

29. gr.

Nú verða erfiðleikar varðandi greiðslujöfnuð eins eða fleiri ríkja, sem aðild eiga að Efnahagsbandalaginu, eða Íslands, eða alvarleg hætta á slíkum erfiðleikum, og getur þá sá samningsaðili, sem hagsmuna á að gæta, gert nauðsynlegar öryggisráðstafanir. Honum ber að tilkynna hinum aðilanum það án tafar.

30. gr.

1. Setja skal á stofn sameiginlega nefnd, sem falið er að annast framkvæmd þessa samnings og fylgjast með því, að honum sé framfylgt, og skal nefndin gera tillögur þar að lútandi og taka ákvarðanir eftir því, sem ráð er fyrir gert í þessum samningi. Framkvæmd þessara ákvarðana er í höndum samningsaðilanna og fer eftir þeim reglum, sem gilda hjá hvorum aðilanum um sig.

2. Til að framkvæmd samningsins verði sem ákjósanlegust, skulu samningsaðilarnir skiptast á upplýsingum og bera saman ráð sín í sameiginlegu nefndinni, ef annar aðilinn æskir þess.

3. Sameiginlega nefndin setur sér sjálf starfsreglur.

31. gr.

1. Sameiginlega nefndin er skipuð, annars vegar, fulltrúum Íslands og, hins vegar, fulltrúum Efnahagsbandalagsins.

2. Ályktanir nefndarinnar verða einungis gerðar samhljóða.

32. gr.

1. Formennska í sameiginlegu nefndinni fellur í hlut samningsaðilanna til skiptis eftir því, sem ákveðið verður í starfsreglum hennar.

2. Sameiginlega nefndin kemur saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári, að frumkvæði formanns síns, til að fjalla um almenna framkvæmd samningsins.

Nefndin kemur saman til aukafundar hvenær sem sérstök nauðsyn ber til, að beiðni annars aðilans, eftir því sem mælt verður fyrir um í starfsreglum hennar.

3. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir til aðstoðar við lausn verkefna sinna.

33. gr.

1. Þegar samningsaðili telur það gagnlegt sameiginlegum hagsmunum samningsaðilanna að þróa þau samskipti, sem til hefur verið stofnað með þessum samningi, með því að láta þau ná til svíða, sem samningurinn fjallar ekki um, sendir hann hinum rökstudda beiðni þar um.

Samningsaðilarnir geta falið sameiginlegu nefndinni að kanna beiðnina og gera tillögur til aðilanna, ef því er að skipta, einkum með það fyrir augum að koma á samningaviðræðum.

2. Samningar, sem gerðir kunna að verða eftir samningaviðræður samkvæmt 1. tl., verða lagðir fram til fullgildingar eða staðfestingar af samningsaðilunum eftir þeim reglum, sem um það gilda hjá hvorum aðila um sig.

34. gr.

Viðaukar og bókanir, sem fylgja samningi þessum, eru óaðskiljanlegir hlutar samningsins.

35. gr.

Hvor samningsaðili um sig getur sagt upp samningi þessum með tilkynningu til hins samningsaðilans. Samningurinn fellur úr gildi, þegar tólf mánuðir eru liðnir frá tilkynningunni.

36. gr.

Samningur þessi tekur annars vegar til landsvæðis Íslands og hins vegar til landsvæða, sem samningurinn um stofnun Efnahagsbandalags Evrópu tekur til, með þeim skilmálum, sem greindir eru í þeim samningi.

37. gr.

Samningurinn er gerður í tvíriti, á dönsku, ensku, frönsku, hollenzku, íslenzku, ítölsku, norsku og þýzku, og eru allir textarnir jafngildir.

Samningurinn verður staðfestur af samningsaðilunum eftir þeim reglum, sem um það gilda hjá hvorum aðila um sig.

Samningurinn gengur í gildi 1. janúar 1973, að því tilskildu, að samningsaðilarnir hafi, fyrir þann tíma, tilkynnt hvor öðrum, að samningurinn hafi hlotið þá meðferð, sem nauðsynleg er til að svo megi verða.

Eftir þetta tímamark gengur samningurinn í gildi fyrsta dag annars mánaðar frá þessari tilkynningu. Síðasti dagur til tilkynningar er 30. nóvember 1973.

Ákvæðin, sem ætlað er að koma til framkvæmda 1. apríl 1973, koma til framkvæmda, þegar samningurinn gengur í gildi, ef það verður eftir þetta tímamark.

GJÖRT í Bruxelles, tuttugasta og annan dag júlímánaðar nítján hundruð sjötíu og tvö.

Viðauki I.

LISTI YFIR VÖRUR, SEM VIÐ ER ÁTT Í 2. GR. SAMNINGSINS

Númer í Bruxelles-tollnafna-skránni	Vörulýsing
35.02	Albúmín, albúmínöt og önnur albúmínderivöt: A. Albúmín: II. annað: a) Ovóalbúm og laktóalbúmín: 1. þurrkað (í lögum, í flögum, kristallað, duft o. s. frv.) 2. annað
45.01	Náttúrulegur korkur, óunninn, mulinn eða malaður, korkúrgangur
54.01	Hör, óunninn, lagður í bleyti, mulinn, kembdur eða tilreiddur á annan hátt, þó ekki spunninn, hörruddi og úrgangur úr hör (þar með taldar tættar tuskur)
57.01	Hampur (cannabis sativa), óunninn, lagður í bleyti, mulinn, kembdur eða tilreiddur á annan hátt, þó ekki spunninn, hampruddi og úrgangur úr hampi (þar með talinn garnúrgangur, tættar tuskur og tættir kaðlar og línur)

Viðauki II.

FJÁRÖFLUNARTOLLAR 1. APRÍL 1972

(Skrá yfir fjáröflunartolla á iðnaðarvörur í tollköflum 25—99 á Íslandi pr. 1. apríl 1972, þ. e. þær vörur, sem samningurinn nær til, en eru ekki framleiddar á Íslandi.)

Viðauki III.

REGLUR UM ÚTFLUTNINGSGJALD AF SJÁVARAFURÐUM, SEM ÍSLAND GETUR HALDIÐ

Lög nr. 4 frá 28. febrúar 1966 um útflutningsgjald af sjávarafurðum með áorðnum breytingum skv. lögum nr. 79 frá 31. desember 1968, lögum nr. 73 frá 1. júní 1970, lögum nr. 4 frá 30. marz 1971 og lögum nr. 17 frá 4. maí 1972.

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af íslenzkum sjávarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Til íslenzkra afurða telst afli, sem skip, skrásett hér á landi, veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

2. gr.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 2 300.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, frystum hrognum, saltfiski, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, söltuðum hrognum ót. a., saltfiskbitum, söltuðum og frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum, skelfiski og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

Nemi gjald samkvæmt þessum tölulið meiru en svarar 4.5% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.

2. 3% gjald af fob-verðmæti greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, frystum humar, frystri rækju, frystri loðnu, loðnumjöli, loðnulýsi og hertum sjávardýraolíum. Frá 1. janúar 1971 skal gjald samkvæmt þessum tölulið vera 4% af fob-verðmæti afurðanna.

3. 5% gjald af fob-verðmæti greiðist af hvalafurðum, öðrum en niðursoðnum eða niðurlögðum.

4. 6% gjald af fob-verðmæti greiðist af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækjumjöli, lifrarmjöli, þorskalýsi, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum, saltsíld og saltsíldarflökum, söltuðum grásleppuhrognum og öðrum þeim sjávarafurðum, sem eru ekki sérstaklega taldar í þessari grein. Heimilt er frá 1. jan. 1971 að draga frá fob-verðmæti saltsíldar og saltaðra grásleppuhrogna vegna umbúðakostnaðar kr. 500.00 fyrir hver 100 kg innihalds.

5. 7% gjald af fob-verðmæti greiðist af nýjum og ísvörðum fiski.

Þó getur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri síld skuli vera allt að því eins hátt og greitt mundi við sams konar verkun hennar hér á landi og hún fer til erlendis, sbr. 4. og 6. tl. þessarar greinar.

6. 8% gjald af fob-verðmæti greiðist af síldarmjöli, síldarsoðgjarna og síldarlýsi.

7. Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

Niðurlagðar vörur, sbr. 1. tl. 1. mgr., skulu teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverðmæti hinnar útfluttu vöru sé minna en ⅓ hluti útflutningsverðmætisins.

Þegar íslenzk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skulu ofangreind gjöld af verðmæti reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti)

að frádregnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

3. gr.

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	82,0%
2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands	11,4%
3. Til Fiskimálasjóðs	3,1%
4. Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips	1,8%
5. Til byggingar rannsóknarstofnana sjávarútvegsins	0,7%
6. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0,5%
7. Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	0,5%

Í þeim reglum um greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, er um getur í 1. tl. 1. mgr. þessarar gr., má m. a. setja það sem skilyrði fyrir greiðslu iðgjalds, að hlutaðeigandi tryggingafélag sé aðili að endurtryggingasamtökum félaganna og hliti tilteknum reglum um ákvörðun iðgjalda, tryggingarskilmála og vátryggingarfjárhæða.

Heimilt er að undanþiggja hvalveiðiskip þessum skilyrðum og jafnframt að endurgreiða til þeirra hlut Tryggingasjóðs fiskiskipa í útflutningsgjaldinu í stað greiðslu iðgjalda.

4. gr.

Gjald skv. 2.—4. tl. 2. gr. skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra um borð í skip í þeirri höfn, er þær fyrst fara frá. Ef afurðir eru seldar cif eða með enn öðrum skilmálum, skal reikna söluverð til fob-verðs eftir reglum, sem viðskiptaráðuneytið setur.

Séu afurðir sendar úr landi óseldar, skal gjaldstofn útflutningsgjalds skv. 2.—4. tl. 2. gr. ákveðinn skv. lágmarksútflutningsverði eins og það er tilgreint í útflutningsleyfi fyrir þeirri vöru.

Nú sannar sendandi, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur sett á útfluttar óseldar sjávarafurðir, sé hærra en hann hefur selt þær fyrir, og er þá fjármálaráðuneytinu rétt að endurgreiða tilsvarandi mismun útflutningsgjaldsins, enda liggi fyrir staðfesting viðskiptaráðuneytisins á því, að leyfi til að selja við hinu lægra verði hafi verið veitt.

Gjald skv. 1. tl. 2. gr. miðast við nettóþunga hinnar seldu vöru, enda ber útflytjanda að geta hans í útflutningsskjölum.

5. gr.

Útflutningsgjald fellur í gjalddaga, um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðzt. Sjávarútvegsráðuneytið getur þó ákveðið, að útflytjendur megi greiða gjaldið, þegar gjaldeyrisskil eru gerð, enda sé tryggt, að þau fari fram fyrir milligöngu íslenzks banka, og sé tollyfirvaldi fengin ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir gjaldinu.

6. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, útflutnings-

skýrslu, vörureikningi og matsvottorði, ef með þarf, svo og útflutningsleyfi, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið gefin að viðlögðum drengskap.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

7. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjöldum.

8. gr.

Lögreglustjóri, tollstjóri eða aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldum skv. lögum þessum, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur grun um, að skilríki þau, er um getur í 6. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt eða lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

10. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta gjald til Aflatryggingarsjóðs sjávarútvegsins samkvæmt 9. gr. laga nr. 77 28. apríl 1962 og gjald til Ferskfiskeftirlits samkvæmt 7. gr. laga nr. 42 9. júní 1960, af vörum, sem taldar eru í 1. tölulið 2. gr. þessara laga, sem magngjald.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

Bókun nr. 1
VARÐANDI REGLUR UM TILTEKNAR VÖRUR

1. gr.

1. Innflutningstollar Efnahagsbandalagsins í upphaflegri mynd þess á vörur, sem koma undir 48. og 49. kafla sameiginlegu tollskrárinnar, að undanteknu tollskrárnúmeri 48.09 (byggingarplötur úr pappírsmauki, viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrulegum harpix, gerviharpix eða öðrum þess háttar bindiefnum) eru afnumdir stig af stigi eins og hér segir:

Dagsetning	Vörur í tollskrárnúmerum 48.01 C II, 48.01 E, 48.07 B, 48.13 og 48.15 B. Tollar í hundraðshlutum	Aðrar vörur Hundraðshluti grunntolla
1. apríl 1973	11.5	95
1. janúar 1974	11	90
1. janúar 1975	10.5	85
1. janúar 1976	10	80
1. júlí 1977	8	65
1. janúar 1979	6	50
1. janúar 1980	6	50
1. janúar 1981	4	35
1. janúar 1982	4	35
1. janúar 1983	2	20
1. janúar 1984	0	0

2. Innflutningstollar Írlands á vörur, sem fjallað er um í 1. tölulið, eru afnumdir stig af stigi eins og hér segir:

Dagsetning	Hundraðshluti grunntolla
1. apríl 1973	85
1. janúar 1974	70
1. janúar 1975	55
1. janúar 1976	40
1. júlí 1977	20
1. janúar 1979	15
1. janúar 1980	15
1. janúar 1981	10
1. janúar 1982	10
1. janúar 1983	5
1. janúar 1984	0

3. Með fráviki frá 3. gr. samningsins leggja Danmörk, Noregur og Bretland á innflutning vara, sem taldar eru í 1. tölulið, og upprunnar eru á Íslandi, tolla eins og hér segir:

Dagsetning	Vörur, sem taldar eru í tollskrárnúmerum og undirnúmerum 48.01 C II, 48.01 E, 48.07 B, 48.13 og 48.15 B Tollar í hundraðshlutum	Aðrar vörur Hundraðshluti tolls samkvæmt sameiginlegu tollskránni
1. apríl 1973	0	0
1. janúar 1974	3	25
1. janúar 1975	4.5	37.5
1. janúar 1976	6	50
1. júlí 1977	8	65
1. janúar 1979	6	50
1. janúar 1980	6	50
1. janúar 1981	4	35
1. janúar 1982	4	35
1. janúar 1983	2	20
1. janúar 1984	0	0

4. Á tímabilinu frá 1. janúar 1974 til 31. desember 1983 geta Danmörk, Noregur og Bretland ákveðið árlega, að því er varðar vörur, upprunnar á Íslandi, tollfrjálsa innflutningskvóta, en hæð kvótanna árið 1974, sem greind er í viðauka A, er jöfn meðaltali innflutnings áranna 1968 til 1971 auknu fjórum sinnum 5 hundraðshlutum, þannig að hver viðbót leggist við upphaflega kvótann ásamt fyrri viðbótum. Frá 1. janúar 1975 verða þessir tollkvótar auknir árlega um 5%.

5. „Efnahagsbandalagið í upphaflegri mynd þess" á við Konungsríkið Belgíu, Sambandslýðveldið Þýzkaland, Franska lýðveldið, Ítalska lýðveldið, Stórhertogadæmið Lúxemburg og Konungsríkið Niðurlönd.

2. gr.

1. Innflutningstollar Efnahagsbandalagsins í upphaflegri mynd þess og Írlands á vörum, sem taldar eru í 2. tl. hér á eftir, eru lækkaðir stig af stigi eftir því sem hér greinir:

Dagsetning	Hundraðshluti grunntolla
1. apríl 1973	95
1. janúar 1974	90
1. janúar 1975	85
1. janúar 1976	75
1. janúar 1977	60
1. janúar 1978	40 með allt að 3% verðtolli (að undanteknum tollskrárnr. 78.01 undirlið A II og 79.01 undirlið A)
1. janúar 1979	20
1. janúar 1980	0

Af vörum, sem taldar eru í tollskrárnúmerum 78.01 undirlið A II og 79.01 undirlið A, sem taldar eru í töflunni í 2. tl., eru tollalækkanir reiknaðar, að því er

varðar Efnahagsbandalagið, í upphaflegri mynd þess, og með fráviki frá 3. tl. 5. gr. samningsins, með því að hækka upp eða lækka annan lið í tugabroti.

2. Vörur þær, sem við er átt í 1. tl., eru þessar:

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing
úr 73.02	Járnlegeringar, að undanteknu ferrónikkeli og vörutegundum þeim, sem fjallað er um í samningi Kola- og stálbandalagsins
76.01	Ál, óunnið, álúrgangur og brotaál
	A. óunnið
78.01	Blý, óunnið (þar með talið blý með silfurinnihaldi); blýúrgangur og brotablý
	A. óunnið
	II. annað
79.01	Zink, óunnið, zinkúrgangur og brotazink
	A. óunnið
81.01	Tungsten (Wolfram), óunnið eða unnið
81.02	Molybden, óunnið og unnið
81.03	Tantal, óunnið og unnið
81.04	Aðrir algengir málmar, unnir eða óunnir, „cermets", óunnir eða unnir:
	B. Kadmíum
	C. Kóbalt
	II. unnið
	D. Króm
	E. Germaníum
	F. Hafnium (celtium)
	G. Mangan
	H. Níóbíum (colombium)
	I.J. Antímóníum
	K. Títan
	L. Vanadíum
	M. Úraníum, með litlu U 235 innihaldi
	O. Zirkoníum
	P. Rheníum
	Q. Gallíum, indíum, thallíum
	R. „Cermets"

3. gr.

Innflutningur á vörum, sem tollkerfi því, sem gert er ráð fyrir í 1. og 2. gr., er beitt við, að undanteknu óunnu blýi öðru en vinnslublýi í tollskrárnúmeri 78.01, undirlið A II, í sameiginlegu tollskránni er háður árlegum viðmiðunarhámörkum, og sé farið yfir þau, er hægt að leggja að nýju á tolla, sem gilda gagnvart þriðja landi, eftir þeim reglum, er hér greinir:

a) Hámörkin fyrir árið 1973 eru tilgreind í viðauka B, þó með tilliti til þess, að Efnahagsbandalagið getur frestað beitingu hámarksreglna að því er varðar tilteknar vörur. Þessi hámörk eru reiknuð með hliðsjón af því, að Efnahagsbandalagið, í upphaflegri mynd þess, og Írland láta fyrstu tollalækkunina koma til framkvæmda 1. apríl 1973.

Hámörkin fyrir árið 1974 samsvara hámörkum ársins 1973, eins og þau hafa verið reiknuð á ársgrundvelli fyrir Efnahagsbandalagið, að viðbættum 5%. Frá 1. janúar 1975 hækka hámörkin um 5% á ári.

Að því er varðar vörur, sem taldar eru í þessari bókun, en ekki eru teknar upp í viðauka B, áskilur Efnahagsbandalagið sér rétt til að setja hámörk, sem

séu jöfn meðaltali innflutnings bandalagsins síðustu fjögur árin, sem verzlunarskýrslur eru fyrir hendi um, að viðbættum 5%. Hámörkin skulu hækkuð um 5% næstu árin.

b) Ef innflutningur á vöru, sem er háð hámarksákvæðum, er minni en 90% af því, sem ákveðið er í tvö ár í röð, skal Efnahagsbandalagið fresta gildistöku þessa hámarks.

c) Ef upp koma erfiðleikar í efnahagsmálum, áskilur Efnahagsbandalagið sér að geta haldið í gildi hámarki fyrra árs fyrir eitt ár í senn, eftir að viðræður hafa farið fram í sameiginlegu nefndinni.

d) Efnahagsbandalagið lætur sameiginlegu nefndinni í té 1. desember ár hvert skrá yfir vörur, sem verða háðar hámörkum næsta ár og hver þau hámörk eru.

e) Innflutningur, sem á sér stað innan tollkvóta, sem settir eru samkvæmt ákvæðum 4. og 5. tl. 1. gr., skal einnig talinn með, þegar ákveðið er hámark fyrir viðkomandi vörur.

f) Með fráviki frá 3. gr. samningsins og 1. og 2. gr. þessarar bókunar er hægt, eftir að náð er hámarki innflutnings á vöru, sem fellur undir þessa bókun, að innheimta tolla að nýju samkvæmt sameiginlegu tollskránni á innflutning viðkomandi vöru til loka almanaksársins.

Þegar svo stendur á, skulu Danmörk, Noregur og Bretland taka upp tollaheimtu eins og hér segir fyrir 1. júlí 1977:

Ár	Hundraðshluti tolla í sameiginlegu tollskránni
1973	0
1974	40
1975	60
1976	80

Írland skal fyrir sama tíma taka upp þá tolla, sem það notar gagnvart þriðja landi.

Tollar samkvæmt ákvæðum 1. og 2. gr. þessarar bókunar skulu teknir upp að nýju 1. janúar næsta árs.

g) Eftir 1. júlí 1977 skulu samningsaðilarnir kanna í sameiginlegu nefndinni möguleikana á að endurskoða hundraðshlutann, sem gildir fyrir aukningu hámarksins með hliðsjón af þróun neyzlu og innflutnings til Efnahagsbandalagsins svo og af fenginni reynslu í beitingu ákvæða þessarar greinar.

h) Hámörkin skulu afnumin við lok tímabils afnáms tolla samkvæmt því, sem greinir í 1. og 2. gr. þessarar bókunar.

Viðauki A.

LISTI YFIR TOLLKVÓTA ÁRSINS 1974

Danmörk, Noregur, Bretland

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing	Magn í tonnum		
		Danmörk	Noregur	Bretland
48. kafli	Pappír og pappi, vörur úr pappírsmauki, pappír og pappa	61	134	10
	— önnur númer 48. kafla, nema 48.01 A og 48.09			
49. kafli	Bóksöluvörur og prent, myndavörur, sem falla undir toll í sameiginlegu tollskránni (49.03, 49.05 A, 49.07 A, 49.07 C II, 49.08, 49.09, 49.10, 49.11 B)			1 804[1])

1) Í sterlingspundum

Viðauki B.

LISTI YFIR HÁMÖRK ÁRSINS 1973

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing	Magn í tonnum
76.01	Ál, óunnið, álúrgangur og brotaál:	
	A. óunnið	27 276

Bókun nr. 2

VARÐANDI VÖRUR, SEM SÉRSTAKAR REGLUR GILDA UM VEGNA TILLITS TIL MISMUNAR Á VERÐLAGI LANDBÚNAÐARAFURÐA, SEM ÞÆR ERU FRAMLEIDDAR ÚR

1. gr.

Til að tekið verði tillit til mismunar á verði landbúnaðarafurða, sem notaðar eru í framleiðslu vara, sem taldar eru í töflum, sem fylgja þessari bókun, eru ákvæði samningsins ekki því til fyrirstöðu:

— að innheimt verði við innflutning breytilegt gjald (breytilegur þáttur) eða fast gjald, eða gerðar verði ráðstafanir innanlands til jöfnunar á verðlagi;
— að gerðar verði ráðstafanir við útflutning í þessum sama tilgangi.

2. gr.

1. Að því er varðar vörur, sem taldar eru í töflum, sem fylgja þessari bókun, eru grunntollar:

a) fyrir Efnahagsbandalagið, í upphaflegri mynd þess:
Tollar þeir, sem beitt var í reynd 1. janúar 1972, og

b) að því er varðar Danmörku, Írland, Noreg og Bretland
   i) að því er varðar vörur, sem taldar eru í reglugerð Efnahagsbandalagsins nr. 1059/69,
      — annars vegar fyrir Írland,
      — hins vegar fyrir Danmörku, Noreg og Bretland, að því er varðar vörur, sem samþykktin um stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu tekur ekki til: Þeir tollar, sem ákveðnir eru í 47. gr. Samkomulags um aðildarskilmála og aðlögun að samningum, sem tókst í samningaviðræðum Evrópubandalaganna, Konungsríkisins Danmerkur, Írlands, Konungsríkisins Noregs og hins Sameinaða Konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands. Þessir grunntollar verða tilkynntir sameiginlegu nefndinni á tilskildum tíma, en þó áður en fyrsta tollalækkunin á sér stað samkvæmt 2. tl.
   ii) að því er varðar aðrar vörur, þeir tollar, sem beitt var í reynd 1. janúar 1972;
c) fyrir Ísland:
   i) að því er varðar vörur upprunnar í Efnahagsbandalaginu í upphaflegri mynd þess og á Íslandi, þeir tollar, sem gerð er grein fyrir í töflu II, sem fylgir þessari bókun;
   ii) að því er varðar vörur upprunnar í Danmörku, Noregi og Bretlandi, þeir tollar, sem beitt var 1. janúar 1972 í Fríverzlunarsamtökum Evrópu.

2. a) Efnahagsbandalagið afnemur stig af stigi í fimm áföngum, 20% í hvert skipti, muninn milli grunntolla þeirra, sem ákvarðaðir eru í 1. tl., og tolla, sem verða lagðir á 1. júlí 1977, eins og þeir eru sýndir í töflum, sem fylgja þessum samningi, eftir þeirri tímaáætlun, sem ákveðin er í 2. tl. 3. gr. þessa samnings.

Nú er tollur, sem verður lagður á 1. júlí 1977, hærri en grunntollur, og skal þá minnka mismuninn á þessum tollum um 40% 1. janúar 1974, og síðan í áföngum, 20% í hvert skipti, eins og hér segir:

1. janúar 1975
1. janúar 1976
1. júlí 1977.

b) Ísland afnemur stig af stigi mismuninn milli grunntolla og þeirra tolla, sem lagðir verða á 1. janúar 1980 eins og þeir eru sýndir í töflum, sem fylgja þessari bókun, eftir þeirri tímaáætlun, sem ákveðin er í 1. tl. 4. gr. þessa samnings.

3. Með fráviki frá 4. tl. 3. gr. samningsins og með fyrirvara um beitingu Efnahagsbandalagsins á ákvæðum 5. tl. 39. gr. Samkomulags um aðildarskilmála og aðlögun að samningum, sem tókst í samningaviðræðum milli Evrópubandalaganna, Konungsríkisins Danmerkur, Írlands, Konungsríkisins Noregs og hins Sameinaða Konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður Írlands um vörumagnstolla eða hluta slíkra tolla í blönduðum tollum í tollskrá Bretlands, er ákvæðum 1. og 2. tl. beitt með því að hækka upp eða lækka fjórða aukastaf í tugabroti að því er varðar þær vörutegundir, sem taldar eru hér á eftir:

Nr. í tollskrá Bretlands	Vörulýsing
22.06	Vermouth og önnur vín úr nýjum drúfum, framleidd með því að nota jurtir eða bragðefni.
úr 22.09	Etanól (etylalkóhól) ómengað með minna en 80% etanólmagni að rúmmáli; brennivín (líkjörar) og aðrir áfengir drykkir; sprittblöndur (kallaðar konsentreruð extröt) til framleiðslu á drykkjum: — áfengir drykkir, aðrir en romm, arak, tafía, gin, whisky, vodka með 45,2% vínandamagni eða minna að rúmmáli, plómubrennivín, perubrennivín eða kirsuberjabrennivín, sem innihalda egg eða eggjarauðu og/eða sykur (sakkarósa eða umbreyttan sykur).

4. Að því er varðar vörur, sem taldar eru í tollskrárnúmerunum 19.03, 22.06 og 35.01 undirlið B í tollskrá Bretlands og teknar eru upp í töflu I, sem fylgir þessari bókun, getur Bretland frestað fyrstu tollalækkun, sem gert er ráð fyrir í 2. tölulið, til 1. júlí 1973.

5. Að því er varðar vörur, sem taldar eru í lista 2 í töflu II, sem fylgir þessari bókun, og falla undir fjáröflunartolla við innflutning til Íslands, verður ákvæðum 2. tl. 5. gr. samningsins beitt við þann þátt þessara tolla, sem ætlað er að vernda iðnað.

3. gr.

1. Ákvæðum þessarar bókunar verður enn fremur beitt um áfenga drykki, sem taldir eru í tollskrárnúmeri 22.09 undirlið C í sameiginlegu tollskránni, en ekki í töflu I og II, sem fylgja þessari bókun. Tollalækkunarreglur, sem beitt er við þessar vörur, eru ákveðnar af sameiginlegu nefndinni.

Þegar þessar reglur verða ákvarðaðar, eða síðar, ákveður sameiginlega nefndin, ef því er að skipta, að bæta inn í þessa bókun öðrum vörutegundum 1.—24. kafla Bruxelles-tollnafnaskrárinnar, sem ekki falla undir reglur um landbúnaðarafurðir í löndum samningsaðilanna.

2. Jafnframt verður þá aukið við viðauka II og III við bókun nr. 3, ef því er að skipta.

TAFLA I

EFNAHAGSBANDALAG EVRÓPU

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing	Grunntollur	Tollur, sem lagður verður á 1.7. 1977
15.10	Feitisýrur til iðnaðar, súrar olíur frá feitihreinsun, feitialkóhól:		
úr	C. aðrar feitisýrur til iðnaðar; olíur frá feitihreinsun:		
	— vörur unnar úr furuviði, með 90% fitusýruinnihaldi af þunga eða meira	4.5%	0
17.04	Sykurvörur, sem kakaó er ekki í:		
	A. Lakkrískjarnar, sem innihalda meira en 10% sakkarósa, miðað við þyngd, án þess að bætt sé við öðrum efnum	21%	12%
	B. Tyggigúmmí	8% + þþ með hám. t. 23%	þþ
	C. Svo nefnt „hvítt súkkulaði"	13% + þþ með hám. t. 27% + sta	þþ
	D. Annað	13% + þþ með hám. t. 27% + sta	þþ
18.06	Súkkulaði og aðrar neyzluvörur, sem í er kakaó:		
	A. Kakaóduft, aðeins sykrað með því að bæta í það sakkarósa	10% + þþ	þþ
	B. Neyzluís	12% + þþ með hám. t. 27% + sta	þþ
	C. Súkkulaði og súkkulaðivörur, einnig fylltar; sykurvörur og vörur, sem koma í stað þeirra, framleiddar úr sykurlíki, með kakaóinnihaldi	12% + þþ með hám. t. 27% + sta	þþ
	D. Annað:		
	I. sem ekki inniheldur mjólkurfitu, eða minna en 1,5% af mjólkurfitu miðað við þyngd:		
	a) í smásöluumbúðum, sem innihalda 500 gr nettó eða minna	12% + þþ með hám. t. 27% + sta	þþ
	b) Annað:		
	— í smásöluumbúðum, sem innihalda meira en 500 gr og mest 1 kg nettó	19% + þþ	þþ
	— annað	19% + þþ	6% + þþ
	II. með mjólkurfituinnihaldi:		
	a) minnst 1,5% og mest 6,5% miðað við þyngd:		
	1. í smásöluumbúðum, sem innihalda 500 gr nettó eða minna	12% + þþ með hám. t. 27% + sta	þþ
	2. Annað:		
	— í smásöluumbúðum, sem innihalda meira en 500 gr og mest 1 kg nettó	19% + þþ	þþ
	— annað	19% + þþ	6% + þþ
	b) hærra en 6,5% og lægra en 26%:		
	1. í smásöluumbúðum, sem innihalda 500 gr nettó eða minna	12% + þþ	þþ
	2. Annað:		
	— í smásöluumbúðum, sem innihalda meira en 500 gr og mest 1 kg nettó	19% + þþ	þþ
	— Annað	19% + þþ	6% + þþ

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing	Grunntollur	Tollur, sem lagður verður á 1.7. 1977
18.06 (frh.)	c) 26% eða hærra:		
	1. í smásöluumbúðum, sem innihalda 500 gr nettó eða minna	12% + bþ	bþ
	2. Annað:		
	— í smásöluumbúðum, sem innihalda meira en 500 gr og mest 1 kg nettó	19% + bþ	bþ
	— Annað	19% + bþ	6 % + bþ
19.01	Maltextrakt	8% + bþ	bþ
19.02	Vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða annars til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd	11% + bþ	bþ
19.03	Deigvörur (makkarónur, spaghetti og þess konar vörur)	12% + bþ	bþ
19.04	Tapíókagrjón (sagógrjón), þar með talið tapíókalíki, unnið úr kartöflumjöli	10% + bþ	bþ
19.05	Neyzluvörur úr uppbólgnuðu eða steiktu korni eða kornvörum, svo sem „puffed rice", „corn flakes" eða þess konar vörur	8% + bþ	bþ
19.06	Altarisbrauð, tóm hylki fyrir lyf, innsiglunaroblátur, þurrkaðar þynnur úr mjöli, sterkju eða líkum efnum	7% + bþ	bþ
19.07	Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur án sykurs, hunangs, eggja, feiti, osta eða ávaxta		
	A. Hrökkbrauð	19% + bþ með hám. t.	
		24% + mta	bþ
	B. Ósýrt brauð	6% + bþ með hám. t.	
		20% + mta	bþ
	C. Glútenbrauð (sterkjulaust brauð) fyrir sykursjúka	14% + bþ	bþ
	D. Annað	14% + bþ	bþ
19.08	Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaói að meira eða minna leyti:		
	A. Kryddkökur (hunangskökur og piparkökur)	13% + bþ	bþ
	B. Annað	13% + bþ með hám. t.	
		30% + mta eða 35% + sta	bþ
21.01	Brenndar síkoríurætur og annað brennt kaffilíki; extraktar, kjarnar (essensar) og seyði úr þessum vörum:		
	A. Brenndar síkoríurætur og annað brennt kaffilíki:		
	II. Annað	8% + bþ	bþ
	B. Extraktar, kjarnar og seyði		
	II. Annað	14% + bþ	bþ
21.04	Kryddsósur og önnur tilreidd bragðbætiefni		
	B. Annað		
	— með tómat	18%	10%
	— ótalið	18%	6%
21.05	Súpur og seyði; súpuefni fljótandi, í föstu formi eða sem duft:		
	A. Súpuefni, súpur:		
	— með tómat	18%	10%
	— Annað	18%	6%
21.06	Náttúrulegt ger, þar með talið þurrger; tilreitt bökunarduft:		
	A. Náttúrulegt ger, lifandi:		
	II. Brauðger	15% + bþ	bþ
	B. Þurrger:		
	I. í töflum, teningum eða öðru áþekku formi eða í smásöluumbúðum, sem innihalda 1 kg eða minna, nettó	13%	4%
	II. Annað	8%	4%
21.07	Aðrar fæðutegundir, ótaldar annars staðar:		

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing	Grunntollur	Tollur, sem lagður verður á 1.7. 1977
21.07 (frh.)	A. Kornvörur, ómalaðar eða í öxum, forsoðnar eða tilreiddar á annan hátt	13% + bþ	bþ
	B. Deigvörur (makkarónur, spaghetti og þess konar vörur), ófylltar soðnar; deigvörur, fylltar (ravíóli og þess konar)	13% + bþ	bþ
	C. Neyzluís	13% + bþ	bþ
	D. Tilreitt yógurt (súrmjólk); tilreitt mjólkurduft fyrir börn, sjúka eða annars til matargerðar	13% + bþ	bþ
	E. Ostabráð („fondu")	13% + bþ með hám. t. 35 re á 100 kg nettó	bþ með hám. t. 25 re á 100 kg nettó
	F. Annað:		
	I. sem ekki inniheldur eða inniheldur minna en 1,5% af mjólkurfitu miðað við þyngd:		
	a) sem ekki inniheldur eða inniheldur minna en 5% af sakkarósa (þar með talinn umbreyttur sykur, reiknaður sem sakkarósi):		
	úr 1. sterkjulaus, eða sem inniheldur minna en 5% af sterkju miðað við þyngd:		
	— Kolvetnishydrólysöt; ger-autólysöt	20%	6%
	2. með 5% sterkjuinnihaldi eða meira, miðað við þyngd	13% + bþ	bþ
	b) sem inniheldur 5% eða meira af sakkarósa, en minna en 15% miðað við þyngd (þar með talinn umbreyttur sykur, reiknaður sem sakkarósi)	13% + bþ	bþ
	c) sem inniheldur 15% eða meira af sakkarósa, en minna en 30% miðað við þyngd (þar með talinn umbreyttur sykur, reiknaður sem sakkarósi)	13% + bþ	bþ
	d) sem inniheldur 30% eða meira af sakkarósa, en minna en 50% miðað við þyngd (þar með talinn umbreyttur sykur, reiknaður sem sakkarósi)	13% + bþ	bþ
	e) sem inniheldur 50% eða meira af sakkarósa, en minna en 85% miðað við þyngd (þar með talinn umbreyttur sykur, reiknaður sem sakkarósi)	13% + bþ	bþ
	f) sem inniheldur 85% eða meira af sakkarósa miðað við þyngd (þar með talinn umbreyttur sykur, reiknaður sem sakkarósi)	13% + bþ	bþ
	II. sem inniheldur 1,5% eða meira af mjólkurfitu, en minna en 6% miðað við þyngd	13% + bþ	bþ
	III. sem inniheldur 6% eða meira af mjólkurfitu, en minna en 12% miðað við þyngd	13% + bþ	bþ
	IV. sem inniheldur 12% eða meira af mjólkurfitu, en minna en 18% miðað við þyngd	13% + bþ	bþ
	V. sem inniheldur 18% eða meira af mjólkurfitu, en minna en 26% miðað við þyngd	13% + bþ	bþ
	VI. sem inniheldur 26% eða meira af mjólkurfitu, en minna en 45% miðað við þyngd:		
	— í smásöluumbúðum, sem innihalda 1 kg nettó eða minna	13%+ bþ	bþ
	— Annað	13% + bþ	6% + bþ
	VII. sem inniheldur 45% eða meira af mjólkurfitu, en minna en 65% miðað við þyngd:		
	— í smásöluumbúðum, sem innihalda 1 kg nettó eða minna	13% + bþ	bþ
	— Annað	13% + bþ	6% + bþ

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing	Grunntollur	Tollur, sem lagður verður á 1.7. 1977
21.07 (frh.)	VIII. sem inniheldur 65% eða meira af mjólkurfitu, en minna en 85% miðað við þyngd:		
	— í smásöluumbúðum, sem innihalda 1 kg nettó eða minna	13% + bþ	bþ
	— Annað	13% + bþ	6% + bþ
	IX. sem inniheldur 85% eða meira af mjólkurfitu miðað við þyngd:		
	— í smásöluumbúðum, sem innihalda 1 kg nettó eða minna	13% + bþ	bþ
	— Annað	13% + bþ	6% + bþ
22.02	Límonaði, gosdrykkir með bragðefnum (þar með talið ölkelduvatn með bragðefnum) og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til nr. 20.07:		
	úr A. sem ekki innihalda mjólk eða mjólkurfitu:		
	— sem innihalda sykur (sakkarósa eða umbreyttan sykur)	15%	0
	B. Annað	8% + bþ	bþ
22.03	Öl	24%	10%
22.06	Vermouth og önnur vín úr nýjum drúfum, framleidd með því að nota jurtir eða bragðefni:		
	A. með a. m. k. 18% vínandamagni að rúmmáli, í ílátum sem taka:		
	I. tvo lítra eða minna	17 re/hl	0
	II. meira en tvo lítra	14 re/hl	0
	B. með meira en 18% og ekki meira en 22% vínandamagni að rúmmáli, í ílátum, sem taka:		
	I. tvo lítra eða minna	19 re/hl	0
	II. meira en tvo lítra	16 re/hl	0
	C. með meira en 20% vínandamagni að rúmmáli, í ílátum sem taka:		
	I. tvo lítra eða minna	1,60 re/hl miðað við vínandamagn + 10 re/hl	0
	II. meira en tvo lítra	1,60 re/hl miðað við vínandamagn	0
22.09	Vínandi (etylalkóhól, etanól) ómengaður með minna en 80% vínandamagni (etanólmagni) að rúmmáli; brennivín og aðrir áfengir drykkir, sprittblöndur (kallaðar „konsentreruð extrökt") með bragðbætandi efnum til framleiðslu á drykkjarvörum:		
	C. Áfengir drykkir:		
	úr V. aðrir:		
	— sem innihalda egg eða eggjarauðu og/eða sykur (sakkarósa eða umbreyttan sykur), í ílátum, sem taka:		
	a) tvo lítra eða minna	1,60 re/hl miðað við vínandamagn + 10 re/hl	1 re/hl miðað við vínandamagn + 6 re/hl
	b) meira en tvo lítra	1,60 re/hl miðað við vínandamagn	1 re/hl miðað við vínandamagn
29.04	Óhringliða (acyclisk) alkóhól ásamt halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra:		
	C. Fleirgild alkóhól (Pólíalkóhól):		
	II. Mannitól	12% + bþ	8% + bþ
	III. Sorbitól:		
	a) í vatnsupplausn		
	1. með 2% mannitól-innihaldi eða minna miðað við þyngd, reiknað af sorbitólinnihaldi	12% + bþ	6% + bþ
	2. Annað	9% + bþ	6% + bþ

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing	Grunntollur	Tollur, sem lagður verður á 1.7. 1977
29.04 (frh.)	b) Annað:		
	1. sem inniheldur 2% mannitól eða minna miðað við þyngd, reiknað af sorbitólinnihaldi	12% + þþ	6% + þþ
	2. Annað	9% + þþ	6% + þþ
29.10	Acetöl og hemiacetöl ásamt einföldum og samsettum acetölum og hemiacetölum myndurum úr atómhópum með súrefnisatómum að einhverju leyti, enn fremur halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivöt þessara efna:		
	úr B. Annað:		
	— Metylglúkosid	14,4%	8%
29.14	Einbasiskar sýrur og anhydríd, halógenid, peroxysýrur og peroxyd þeirra ásamt halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra:		
	úr A. Mettaðar, óhringliða, einbasiskar sýrur:		
	— Mannitólesterar og sorbitólesterar	frá 8,8% til 18,4%	8%
	úr B. Ómettaðar, óhringliða, einbasiskar sýrur:		
	— Mannitólesterar og sorbitólesterar	frá 12% til 13,6%	8%
29.15	Tví- eða margbasiskar sýrur og anhýdrid, halógenid, peroxysýrur og peroxyd þeirra, einnig halógen-, súlfó-, nítró-, og nítrósóderivöt þeirra sýra:		
	A. Óhringliða, tví- eða margbasiskar sýrur:		
	úr V. annað:		
	— Itakonsýrur, sölt þeirra og esterar	10,4%	0
29.16	Alkóhólsýrur, aldehydsýrur, ketonsýrur, fenólsýrur og aðrar sýrur (einfaldar eða samsettar) með atómhópum myndurum að einhverju leyti úr súrefni, ásamt anhydridum, halógenídum, peroxysýrum og peroxydum þeirra og ennfremur halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivöt þessara sýra:		
	A. Alkóhólsýrur:		
	I. Mjólkursýra, sölt hennar og esterar	13,6%	0
	IV. Eplasýra, sölt hennar og esterar:		
	a) Eplasýra	15,2%	0
	b) Kalsíumsítrat, ómunið	5,6%	0
	c) Annað	16%	0
	úr VIII. Annað:		
	— Glysersýra, glykólsýra, sakkarósýra, ísósakkarósýra, heptasakkarósýra, sölt þeirra og esterar	12%	8%
29.35	Mishringliða (heterócyclísk) sambönd, núkleinsýrur:		
	úr Q. annað:		
	— Anhydrisk-, mannitól- og sorbítólsambönd, að frátöldu maltóli og ísómaltóli	10,4%	8%
29.43	Sykur, kemiskt hreinn, nema sakkarósi, glúkósi og laktósi, sykureterar og sykuresterar og sölt þeirra, nema vörur í nr. 29.39, 29.41 og 29.42		
	B. Annað	20%	8%
29.44	Antibíótika:		
	A. Penisilín	16,8%	0
35.01	Kasein, kaseinöt og önnur kaseinderivöt, kaseinlím:		
	A. Kasein:		
	I. ætlað til framleiðslu á gerviþræði til vefnaðar (a)	2%	0
	II. ætlað til iðnaðarþarfa, annarra en matvælaframleiðslu og framleiðslu skepnufóðurs (a):		
	— með meira en 50% vatnsmagni miðað við þyngd	5%	0
	— annað	5%	3%
	III. Annað	14%	12%

(a) Til að vara geti fallið undir þennan undirflokk, þarf hún að fullnægja skilyrðum, sem viðkomandi yfirvöld setja.

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing	Grunntollur	Tollur, sem lagður verður á 1.7. 1977
35.01	B. Kaseinlím	13%	11%
(frh.)	C. Annað	10%	8%
35.05	Dextrín og dextrínklístur; uppleysanleg eða brennd sterkja; sterkjuklístur:		
	A. Dextrín; uppleysanleg eða brennd sterkja	14% + bþ	bþ
	B. Dextrínklístur, sterkjuklístur	13% + bþ með hám. t. 18%	bþ
35.06	Límblöndur, ótaldar annars staðar; hvers konar efni, sem nota má til límingar og eru í smásöluumbúðum, sem bera það með sér, að um lím sé að ræða, enda vegi innihald í hverju stykki ekki meira en 1 kg:		
	A. Límblöndur, ótaldar annars staðar:		
	úr II. önnur lím:		
	— unnin úr sódíumsilíkatupplausn	12,8%	0
	úr B. Hvers konar efni, sem nota má til límingar og eru í smásöluumbúðum, sem bera með sér, að um lím sé að ræða, enda vegi innihald í hverju stykki ekki meira en 1 kg:		
	— unnin úr sódíumsilíkatupplausn	15,2%	0
38.12	Steining, bæs og annað þess konar til notkunar í pappírs-,vefnaðar- eða leðuriðnaði og skyldum iðngreinum:		
	A. Steining:		
	I. unnin úr sterkju	13% + bþ með hám. t. 20%	bþ
38.19	Kemísk framleiðsla og fullunnar vörur efnaiðnaðar og skyldra iðngreina (þar með taldar blöndur úr náttúrlegum efnum), úrgangsefni kemískrar framleiðslu og skyldra iðngreina, enda séu vörur þessar ekki taldar annars staðar:		
	Q. Kjarnabindiefni fyrir málmbræðslur, unnin úr trjákvoðulíki (syntetiskum harpix):	12,8%	8%
	úr T. annað:		
	— Efni unnin með upphitun úr sorbítóli	14,4%	8%
39.02	Efni, orðin til fyrir pólymerisation og kópólimerisation (t. d. pólyetylen, pólytetrahalógenetylen, pólyísóbúten, pólystyren, pólyvínylklórid, pólyvínylacetat, pólyvínylklórídacetat og önnur pólývínyl derivöt, pólyacrylsýru- og pólymetacrylsýruderivöt, kúmaronindenharpix):		
	úr C. Annað:		
	— klístur unnið úr trjákvoðuupplausn	frá 12% til 18,4%	0
39.06	Önnur fjölhlutaefni með miklum sameindaþunga, gervitrjákvoða og plast, algínsýra ásamt söltum hennar og esterum; línoxín:		
	úr B. Annað:		
	— Dextran	16%	6%
	— ótalið, nema línoxín	16%	8%

Ath. Skammstafanirnar bþ, mta, sta og re í þessari töflu tákna: breytilegur þáttur, mjöltollauki, sykurtollauki og reikningseining.

TAFLA II

ÍSLAND

LISTI 1

Númer í íslenzku tollskránni	Vörulýsing	Grunntollur	Tollur, sem verður lagður á 1.1. 1980
17.04	Sykurvörur, sem kakaó er ekki í:		
04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	100%	40%
09	Aðrar	100%	40%
18.06	Súkkulaði og aðrar neyzluvörur, sem í er kakaó:		
09	Aðrar	100%	40%
19.01.00	Maltextrakt	50%	20%
19.06.00	Altarisbrauð, tóm hylki fyrir lyf, innsiglunaroblátur, rísþynnur og þess konar vörur	80%	32%
19.07.00	Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur, án sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta	80%	32%
19.08.00	Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaói að meira eða minna leyti	80%	32%
21.01.00	Brenndar síkoríurætur og annað brennt kaffilíki; extraktar, kjarnar (essensar) og seyði úr þessum vörum	70%	28%
21.05	Súpur og súputeningar, fljótandi, í föstu formi eða sem duft:		
02	Annað	100%	40%
21.06	Náttúrlegt ger, þar með talið þurrger; tilreitt bökunarduft:		
01	Ger, lifandi eða dautt	80%	32%
02	Bökunarduft tilreitt	100%	40%
21.07.02	Búðingsduft	100%	40%
22.02.00	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til nr. 20.07	100%	40%
22.03.00	Öl gert úr malti	100%	40%
35.01.00	Kaseín, kaseínöt og aðrir kaseínderivatar, kaseínlím	30%	12%
35.06	Límblöndur, ót. a.; hvers konar efni, sem nota má til límingar og eru í smásöluumbúðum, sem bera það með sér, að um lím sé að ræða, enda vegi innihald í hverju stykki ekki meira en 1 kg:		
01	Í smásöluumbúðum, enda vegi innihald í hverju stykki ekki meira en 1 kg	40%	16%
09	Annars	30%	12%

LISTI 2

Vörur, sem ekki eru framleiddar á Íslandi og sem lagður er á fjáröflunartollur við innflutning

Númer í íslenzku tollskránni	Vörulýsing	Tollur í gildi 1.1. 1972
19.02	Vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða annars til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd:	
01	Búðingsduft	100%
09	Annað	50%
19.03.00	Makkarónur, spaghetti og þess konar vörur	60%
19.04.00	Tapíókagrjón og sagógrjón, tapíóka- og sagólíki unnið úr kartöflumjöli eða annarri sterkju	20%
19.05.00	Neyzluvörur úr uppbólgnuðu eða steiktu korni eða kornvörum, svo sem „puffed rice", „corn flakes" eða þess konar vörur	50%
21.07	Aðrar fæðutegundir, ót. a.:	
01	Áfengislaus efni (konsentreraðir essensar) til framleiðslu á drykkjarvörum	30%
03	Neyðarmatvæli, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	20%
04	Fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	50%
05	Hálftilreidd kornvara	50%
06	Maís niðursoðinn eða niðurlagður	60%
07	Ávaxtasafi, tilreiddur og blandaður, umfram það, sem tilgreint er í 20.07	50%
09	Annars	100%
22.06.00	Vermút og annað vín úr nýjum drúfum með bragðefnum	20%
22.09	Etanól ómengað, með minna en 80% etanólmagni að rúmmáli; brennivín og aðrir áfengir drykkir; sprittblöndur með bragðbætandi efnum til framleiðslu á drykkjarvörum:	
01	Etanól ómengað, með minna en 80% etanólmagni að rúmmáli	25%
02	Brennivín	20%
03	Genever	20%
04	Gin	20%
05	Koníak	20%
06	Vodka	20%
07	Whisky	20%
08	Sprittblöndur með bragðbætandi efnum til framleiðslu á drykkjarvörum	20%
09	Annað	20%
29.04	Óhringliða (acyclisk) alkóhól ásamt halógen-, súlfó-, og nítró- og nítrósóderívötum þeirra:	
29	Annars	18%
29.10.00	Acetöl og hemiacetöl ásamt einföldum og samsettum acetölum og hemiacetölum mynduðum úr atómhópum með súrefnisatómum að einhverju leyti, enn fremur halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivatar þessara efna	18%
29.14	Einbasiskar sýrur og anhydríd, halógeníd, peroxysýrur og peroxyd þeirra, einnig halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivatar þessara sýra:	
01	Ediksýra, sölt hennar, esterar og anhydríd	18%
09	Annað	18%
29.15.00	Tví- eða margbasiskar sýrur og anhydríd, halógeníd, peroxysýrur og peroxyd þeirra, einnig halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivatar þeirra sýra	18%
29.16.00	Alkóhólsýrur, aldehydsýrur, ketonsýrur, fenólsýrur og aðrar sýrur (einfaldar eða samsettar) með atómhópum mynduðum að einhverju leyti úr súrefni ásamt anhydrídum, halógenídum, peroxysýrum og peroxydum þeirra og enn fremur halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivatar þessara sýra	18%
29.35.00	Mishringliða (heterócyclísk) sambönd; núkleinsýrur	18%
29.43.00	Sykur, kemískt hreinn, nema sykrósi, glúkósi og laktósi; sykureterar og sykuresterar og sölt þeirra, nema vörur í nr. 29.39, 29.41 og 29.42	18%
29.44.00	Antibíótika	10%
35.05.00	Dextrín og dextrínklístur; uppleysanleg eða brennd sterkja; sterkjuklístur	25%

Númer í íslenzku tollskránni	Vörulýsing	Tollur í gildi 1.1. 1972
38.12.00	Steining, bæs og annað þess konar til notkunar í pappírs-, vefnaðar- eða leðuriðnaði og skyldum iðngreinum	25%
38.19	Kemísk framleiðsla og fullunnar vörur kemísks iðnaðar og skyldra iðngreina (þar með taldar blöndur úr náttúrlegum efnum), úrgangsefni kemískrar framleiðslu og skyldra iðngreina, enda séu vörur þessar ekki taldar annars staðar:	
	Framleiðsla og fullunnar vörur, sem ekki eru taldar í undirflokki 20	
19	Annað	50%
39.02	Efni orðin til fyrir pólymerisation og kópólymerisation (t. d. pólyetylen, pólytetrahalógenetylen, pólyísóbúten, pólystyren, pólyvínylklóríd, pólyvínylacetat, pólyvínylklórídacetat og aðrir pólyvínylderivatar, pólyacrylsýru- og pólymetacrylsýruderivatar, kúmarónindenharpix):	
99	Annað	40%
39.06	Önnur fjölhlutaefni með háum sameindaþunga, gerviharpix og plast, algínsýra ásamt söltum hennar og esterum; línoxyn:	
09	Annað	30%

Bókun nr. 3

VARÐANDI SKILGREININGU HUGTAKSINS „UPPRUNAVÖRUR“ EÐA „VÖRUR UPPRUNNAR...“ OG VARÐANDI FYRIRKOMULAG Á SAMVINNU STJÓRNVALDA

I. HLUTI

Skýrgreining hugtaksins „upprunavörur“

1. gr.

Við framkvæmd samningsins milli Efnahagsbandalagsins og Íslands, og án þess að brotið sé í bága við ákvæði 2. og 3. gr. þessarar bókunar, skulu eftirfarandi vörur taldar:

1. Upprunnar í Efnahagsbandalaginu:
   a) Vörur að öllu leyti fengnar í Efnahagsbandalaginu;
   b) vörur fengnar í Efnahagsbandalaginu, sem í eru notaðar aðrar vörur en þær, sem taldar eru í a-lið, að því tilskildu, að þær vörur hafi hlotið nægilega aðvinnslu í skilningi 5. gr. Þessu skilyrði þarf þó ekki að fullnægja að því er varðar vörur, sem eru upprunnar á Íslandi í skilningi þessarar bókunar;
2. upprunnar á Íslandi:
   a) Vörur að öllu leyti fengnar á Íslandi;
   b) vörur fengnar á Íslandi, sem í eru notaðar aðrar vörur en þær, sem taldar eru í a-lið, að því tilskildu, að þær vörur hafi hlotið nægilega aðvinnslu í skilningi 5. gr. Þessu skilyrði þarf þó ekki að fullnægja að því er varðar vörur, sem eru upprunnar í Efnahagsbandalaginu í skilningi þessarar bókunar.

Vörur þær, sem taldar eru í lista C, eru fyrst um sinn undanþegnar ákvæðum þessarar bókunar.

2. gr.

1. Að því leyti sem viðskipti milli bandalagsins eða Íslands annars vegar, og Austurríkis, Finnlands, Sviss, Portúgals og Svíþjóðar hins vegar, eða milli einhverra þessara síðastnefndu fimm landa, fara fram samkvæmt samningum, sem fela í sér reglur samsvarandi þeim, sem kveðið er á um í þessum samningi, þá skulu eftirtaldar vörur einnig vera taldar:

A. Upprunnar í Efnahagsbandalaginu:

Þær vörur, sem átt er við í 1. tl. 1. gr. og hafa ekki, eftir að þær eru fluttar út frá Efnahagsbandalaginu, hlotið neina aðvinnslu í nokkru þessara fimm landa né heldur hlotið þar nægilega aðvinnslu til að þær verði taldar upprunnar í nokkru þeirra samkvæmt ákvæðum, sem samsvara ákvæðum b-liðar 1. tl. eða 2. tl. 1. gr. þessarar bókunar, í samningum þeim, sem getið er hér að framan, að því tilskildu, að:

a) Eingöngu vörur upprunnar í einhverju landanna fimm, í Efnahagsbandalaginu eða á Íslandi hafi verið notaðar við aðvinnsluna;
b) þar sem hundraðshlutaregla í listum A eða B, sem vísað er til í 5. gr., takmarkar þann hluta af verðmæti vara, sem ekki fullnægja skilyrðum um uppruna, en nota má við vissar aðstæður, þá hafi virðisaukanum verið náð í hverju landi fyrir sig í samræmi við hundraðshlutareglurnar og aðrar þær reglur, sem í listunum felast, án nokkurs möguleika á, að virðisaukinn sé fenginn með samlagningu frá einu landi til annars;

B. upprunnar á Íslandi:

Þær vörur, sem átt eru við í 2. tl. 1. gr. og hafa ekki, eftir að þær eru fluttar út frá Íslandi, hlotið neina aðvinnslu í nokkru þessara fimm landa né

heldur hlotið þar nægilega aðvinnslu til að þær verði taldar upprunnar í nokkru þeirra samkvæmt ákvæðum, sem samsvara ákvæðum b-liðar 1. eða 2. tl. 1. gr. þessarar bókunar, í samningum þeim, sem getið er hér að framan, að því tilskildu, að:

a) Eingöngu vörur upprunnar í einhverju landanna fimm, í Efnahagsbandalaginu eða á Íslandi hafi verið notaðar við aðvinnsluna;

b) þar sem hundraðshlutaregla í listum A eða B, sem vísað er til í 5. gr., takmarkar þann hluta af verðmæti vara, sem ekki fullnægja skilyrðum um uppruna, en sem nota má við vissar aðstæður, þá hafi virðisaukanum verið náð í hverju landi fyrir sig í samræmi við hundraðshlutareglurnar og aðrar þær reglur, sem í listunum felast, án nokkurs möguleika á, að virðisaukinn sé fenginn með samlagningu frá einu landi til annars.

2. Ákvæðum A-liðs 1. tl. undir a og B-liðs 1. tl. undir a skal beitt þannig, að séu notaðar aðrar vörur en þær, sem þar er vitnað til, og verðmætishluti þeirra vara fer ekki fram úr 5% af verðmæti framleiddra vara, sem innfluttar eru til Íslands eða Efnahagsbandalagsins, þá hefur slíkt ekki áhrif á ákvörðun um uppruna hinna síðarnefndu, að því tilskildu, að hefðu efnivörurnar verið notaðar við framleiðslu á Íslandi eða í Efnahagsbandalaginu, þá hefði slíkt ekki komið í veg fyrir, að upphaflega útfluttu vörurnar teldust upprunnar í þeim löndum.

3. Í tilvikum þeim, sem vitnað er til í A-lið 1. tl. undir b, B-lið 1. tl. undir b og í 2. tl., má ekki nota neina vöru, sem ekki fullnægir skilyrðum um uppruna, ef hún hefur aðeins hlotið aðvinnslu eins og ráð er fyrir gert í 3. tl. 5. gr.

3. gr.

Sem frávik frá ákvæðum 2. gr. og að því tilskildu, að öllum skilyrðum greinarinnar sé samt fullnægt, verða hinar framleiddu vörur ekki taldar upprunnar í Efnahagsbandalaginu eða á Íslandi, eftir því sem við á, nema verðmæti varanna, sem aðvinnslu hljóta og upprunnar eru í Efnahagsbandalaginu eða á Íslandi, sé hærri hundraðshluti af verðmæti framleiddu varanna. Ef svo er ekki, teljast síðarnefndu vörurnar upprunnar í því landi, þar sem virðisaukinn, sem fengizt hefur, myndar hæsta hundraðshlutann af verðmæti þeirra.

4. gr.

Eftirtaldar vörur eru taldar fengnar að öllu leyti annaðhvort í Efnahagsbandalaginu eða á Íslandi í skilningi a-liðs 1. tl. og a-liðs 2. tl. 1. gr.:

a) Jarðefni, sem unnin eru úr jörðu í landi þeirra eða úr hafsbotni þeirra;

b) vörur úr gróðurríkinu, sem þar eru ræktaðar;

c) lifandi dýr, sem þar eru borin og alin;

d) afurðir lifandi dýra, sem þar eru alin;

e) veiðibráð og fiskafurðir, sem aflað er með veiðum þar;

f) sjávarafurðir, sem aflað er frá skipum þeirra;

g) vörur framleiddar um borð í verksmiðjuskipum þeirra, algerlega úr efnivöru, sem við er átt í f-lið;

h) notaðar vörur, sem þar er safnað og ekki er hægt að nota aftur, nema sem hráefni;

i) úrgangsefni iðnaðar, sem þar er stundaður;

j) vörur, sem algerlega eru framleiddar þar úr efnivörum, sem taldar eru í liðum a—i.

5. gr.

1. Við beitingu ákvæða b-liðs 1. tl. og b-liðs 2. tl. 1. gr. teljast fullnægjandi:

a) Aðvinnsla, sem hefur í för með sér, að framleidd vara fellur undir annað toll-

skrárnúmer en það, sem efnivörurnar falla undir hver fyrir sig, þó að undanskilinni meðferð, sem tiltekin er í lista A, og hin sérstöku ákvæði listans eiga við;

b) aðvinnsla, sem lýst er í lista B.

Með flokk, kafla og tollskrárnúmeri er átt við flokk, kafla og tollskrárnúmer í Bruxelles-tollnafnaskránni um flokkun vörutegunda í tollskrám.

2. Þegar hundraðshluta efnivara, sem nota má í framleiðslu tiltekinnar vöru, eru takmörk sett í listum A eða B, getur heildarverðmæti þessara efnivara — miðað við verðmæti framleiddu vörunnar — ekki farið fram úr því verðmæti, sem svarar til sameiginlegs hámarks, ef hámörkin eru þau sömu í báðum listunum, eða þess, sem er hærra, ef þau eru mismunandi. Í þessu sambandi skiptir eigi máli, hvort vörurnar hafa færzt milli tollskrárnúmera við aðvinnsluna eða samsetninguna eða ekki, innan þeirra marka og með þeim skilyrðum, sem kveðið er á um í hvorum listanum um sig.

3. Við beitingu ákvæða b-liðs 1. tl. og b-liðs 2. tl. 1. gr. verður aðvinnsla eigi talin nægileg til að varan fullnægi skilyrðum um uppruna, hvort sem hún skiptir um tollskrárnúmer eða ekki:

a) Þegar meðferðin miðar að því að tryggja, að varan haldist óskemmd, meðan á flutningi og geymslu stendur (viðrun, breiðsla, þurrkun, kæling, pækilsöltun, niðurlagning í brennisteinsvatn eða vatn, sem bætt er í öðrum efnum, hreinsun með því að fjarlægja skemmda hluta og lík meðferð);

b) þegar um einfalda meðferð er að ræða til að rykhreinsa, sálda, sundurgreina, flokka, velja saman (þar á meðal söfnun í sett), þvo, mála eða hluta í sundur;

c) i) þegar skipt er um umbúðir eða vörum skipað í minni eða stærri sendingar;
ii) þegar varan er aðeins sett á flöskur eða glös, í poka, hylki eða öskjur, á bakka o. s. frv. eða sett á annan einfaldan hátt í umbúðir;

d) þegar sett eru merki, miðar eða önnur slík auðkenni á vörurnar sjálfar eða umbúðir þeirra;

e) þegar um einfalda blöndun vara er að ræða, hvort sem um ólíkar vörur er að ræða eða ekki, ef einn eða fleiri hlutar blöndunar fullnægja ekki skilyrðum þeim um uppruna, sem sett eru í þessari bókun;

f) þegar hlutar eru settir saman á einfaldan hátt í því skyni að gera heilan hlut;

g) þegar beitt er saman tveimur eða fleiri aðferðum, sem lýst er í a—f liðum hér að framan;

h) þegar dýrum er slátrað.

6. gr.

1. Þegar svo er kveðið á í listum A og B, sem vísað er til í 5. gr., að vörur fengnar í Efnahagsbandalaginu eða á Íslandi verði ekki taldar upprunnar þar, nema verðmæti efnivara fari ekki fram úr tilteknum hundraðshluta af verðmæti framleiddu varanna, eru verðmætin, sem koma til athugunar við ákvörðun þessa hundraðshluta:

— annars vegar,
að því er varðar vörur, sem hægt er að sannreyna, að fluttar hafi verið inn:
Tollverð þeirra á þeim tíma, þegar þær voru fluttar inn;
að því er varðar vörur af óvissum uppruna:
Fyrsta verð, sem hægt er að ganga úr skugga um, að hafi verið greitt fyrir þessar vörur á landsvæði samningsaðilans, þar sem framleiðslan fer fram;

— og hins vegar,
verð framleiddu vörunnar frá verksmiðju, að frádregnum innlendum álögum, sem hafa verið endurgreiddar eða endurgreiða má við útflutning.

Ákvæði þessarar greinar eiga einnig við að því er varðar beitingu 2. og 3. gr.

2. Þegar ákvæði 2. og 3. gr. eiga við, er með áunnum virðisauka átt við mismuninn milli verðs framleiddu vörunnar frá verksmiðju, að frádregnum innlendum álögum, sem hafa verið endurgreiddar eða endurgreiða má við útflutning frá viðkomandi landi annars vegar, og tollverð allra innfluttra efnivara, sem notaðar eru í framleiðsluna í viðkomandi landi hins vegar.

7. gr.

Flutningur vara, sem upprunnar eru á Íslandi eða í Efnahagsbandalaginu, sem fer fram í einni óskiptri sendingu, er heimill með viðkomu á landsvæði annarra ríkja en aðildarríkja Efnahagsbandalagsins, Íslands, Austurríkis, Finnlands, Portúgals, Sviþjóðar eða Sviss, með umskipun, ef því er að skipta, eða bráðabirgðageymslu á þessum landsvæðum, ef flutningur yfir þessi landsvæði réttlætist af landfræðilegum ástæðum og vörurnar hafa verið undir eftirliti tollyfirvalda í landinu, sem þær eru fluttar yfir, eða þar sem þær eru geymdar til bráðabirgða, og þær hafa ekki verið þar á boðstólum til sölu eða til neyzlu og hafa ekki fengið þar aðra meðferð en fermingu og affermingu eða meðferð, sem miðar að því að forða þeim frá skemmdum.

II. HLUTI

Fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda

8. gr.

1. „Upprunavörur" í skilningi 1. gr. þessarar bókunar er heimilt að flytja inn til Efnahagsbandalagsins eða til Íslands í samræmi við ákvæði samningsins, gegn framvísun flutningsskírteinis A.IS.1., en fyrirmynd þess er í viðauka V við þessa bókun. Skírteinið er gefið út af tollyfirvöldum á Íslandi eða í aðildarríkjum bandalagsins.
2. Ef beita þarf ákvæðum 2. gr., eða ákvæðum 3. gr. (ef því er að skipta), er notað flutningsskírteini A.W.1., en fyrirmynd þess er í viðauka VI við þessa bókun. Það er gefið út af tollyfirvöldum í hverju landi um sig, þar sem vörurnar hafa annaðhvort verið um kyrrt, áður en þær væru endurútfluttar óbreyttar, eða hlotið aðvinnslu eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. Flutningsskírteini A.W.1. er aðeins gefið út gegn framvísun áður útgefins flutningsskírteinis.
3. Til að tollyfirvöld geti gengið úr skugga um, við hvers konar aðstæður vörurnar hafa verið geymdar á landsvæði hvers þess ríkis, sem hlut á að máli, þegar þær hafa ekki verið settar í tollvörugeymslu, en ætlazt er til, að þær verði endurútfluttar óbreyttar, ber tollyfirvöldum að beiðni vörzlumanns varanna að árita áður útgefin flutningsskírteini, sem sýnd eru, þegar vörurnar eru fluttar inn, og síðan á 6 mánaða fresti.
4. Tollyfirvöld á Íslandi og í aðildarríkjum Efnahagsbandalagsins hafa vald til að gefa út flutningsskírteini fyrir þær vörur, sem gert er ráð fyrir í samningunum, sem vísað er til í 2. gr., með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í þessum samningum, og með fyrirvara um, að vörurnar, sem skírteinin eiga við, séu á landsvæði Íslands eða Efnahagsbandalagsins. Fyrirmynd skírteinisins, sem nota á, er í viðauka VI við þessa bókun.
5. Þegar orðið „flutningsskírteini" er notað í þessari bókun, án þess að tekið sé fram, að átt sé við þá fyrirmynd, sem vísað er til í 1. tl., eða þá fyrirmynd, sem vísað er til í 2. tl., verður viðeigandi ákvæðum beitt án aðgreiningar við báðar tegundir skírteinanna.

9. gr.

Flutningsskírteini verður ekki gefið út nema eftir skriflegri umsókn útflytjandans ritaðri á þar til gert eyðublað.

10. gr.

1. Flutningsskírteini verður gefið út við útflutning þeirra vara, sem það á við, af tollyfirvöldum í útflutningslandi. Útflytjandinn getur fengið það til ráðstöfunar, eftir að varan hefur raunverulega verið flutt út eða útflutningur hennar verið tryggður.

Í undantekningartilvikum verður flutningsskírteini enn fremur gefið út, eftir að vörurnar, sem það á við, hafa verið fluttar út, þegar ekki hefur getað orðið af útgáfu skírteinisins, þegar varan var flutt út, vegna mistaka, óviljandi vanrækslu eða óvenjulegra aðstæðna. Ef þannig stendur á, er sérstök athugasemd skráð á skírteinið, þar sem greint er frá ástæðum.

Flutningsskírteini verður ekki gefið út, nema hægt sé að nota það sem skriflegt sönnunargagn um, að beita beri fríðindareglum samningsins.

2. Í flutningsskírteinum, sem gefin eru út við þær aðstæður, sem lýst er í 2. eða 4. tl. 8. gr., ber að vísa til þess eða þeirra flutningsskírteina, sem gefin hafa verið út áður og útgáfa hinna fyrrnefndu byggist á.

3. Umsóknir um útgáfu flutningsskírteina svo og skírteini, sem við er átt í 2. tl. hér að framan og framvísað er við útgáfu nýrra skírteina, ber tollyfirvöldum útflutningslandsins að varðveita a. m. k. í tvö ár.

11. gr.

1. Flutningsskírteini ber að afhenda tollyfirvöldum í innflutningslandinu á þeim stað, þar sem vörurnar eru sýndar, innan fjögurra mánaða frá þeim degi, þegar tollyfirvöld í útflutningslandinu gáfu út skírteinið.

2. Heimilt er að taka við flutningsskírteinum, sem afhent eru tollyfirvöldum í innflutningslandinu eftir lok sýningarfrestsins, sem nefndur er í 1. tl., til að beitt verði fríðindareglum samningsins, þegar ástæðan til þess, að skírteinin voru ekki sýnd innan frestsins, er óviðráðanlegar ástæður ("force majeure") eða óvenjulegar aðstæður.

Utan þessara tilvika geta tollyfirvöld í landi innflytjandans samþykkt skírteini, þegar vörurnar hafa verið sýndar fyrir lok frestsins.

3. Tollyfirvöldum í innflutningslandinu ber að varðveita flutningsskírteinin skv. gildandi reglum í því landi, hvort sem þau eru árituð skv. 3. tl. 8. gr. eða ekki.

12. gr.

Flutningsskírteini skal útbúa á viðeigandi eyðublað, sem fyrirmynd er að í viðauka V og VI við þessa bókun. Skírteini ber að rita á einu af þeim tungumálum, sem samningurinn milli bandalagsins og Íslands er skráður á, og í samræmi við landslög í útflutningslandinu. Ef það er handskrifað, skal það vera útfyllt með bleki og með prentstöfum.

Stærð skírteinanna er 210×297 mm. Í þau skal nota hvítan pappír. Í honum má ekki vera vélunninn trémassi. Hann skal vera límborinn til að hægt sé að rita á hann, minnst 25 gr á þyngd, hver m^2. Hann skal vera búinn grænu prentuðu bakgrunnsmynstri, sem gerir allar falsanir með vélrænum eða kemískum hætti augljósar.

Aðildarríki Efnahagsbandalagsins og Ísland geta áskilið sér að annast prentun skírteinanna eða falið hana prentsmiðjum, sem fengið hafa til þess heimild þeirra.

Í því tilviki skal vísað til heimildarinnar á hverju skírteini. Á hvert skírteini skal vera skráð nafn og heimilisfang þess, sem annast prentunina, eða tákn, sem gefur til kynna, hver hann er. Skírteinið skal enn fremur bera raðnúmer, sem aðgreini það frá öðrum.

13. gr.

Flutningsskírteini skal afhenda tollyfirvöldum í innflutningslandinu eftir þeim reglum, sem þar gilda. Tollyfirvöldum er heimilt að krefjast þýðingar á því. Þau geta auk þess krafizt, að með aðflutningsskýrslu fylgi yfirlýsing innflytjanda, sem staðfesti, að vörurnar uppfylli skilyrði til að beitt verði ákvæðum samningsins.

14. gr.

1. Efnahagsbandalagið og Ísland viðurkenna sem „upprunavörur", með þeim hlunnindum, sem samningurinn veitir, smásendingar til einkaaðila eða vörur, sem eru í einkafarangri ferðamanna, þegar því er lýst yfir, að þær fullnægi settum skilyrðum til að beitt verði ákvæðum þessum, enda sé enginn efi á, að yfirlýsingin sé sönn; er þá ekki þörf á að framvísa flutningsskírteini, enda sé um að ræða innflutning, sem á engan hátt er viðskiptalegs eðlis.
2. Svo er litið á, að innflutningur sé á engan hátt viðskiptalegs eðlis, þegar hann er bundinn við einstakt tilvik og aðeins er um að ræða hluti til persónulegra nota viðtakandans eða ferðamannsins eða fjölskyldu hans, enda veki eðli varanna og magn ekki þá hugmynd, að innflutningur þeirra eigi sér stað með verzlunarviðskipti fyrir augum. Enn fremur má heildarverðmæti varanna ekki fara fram úr 60 reikningseiningum að því er varðar smásendingar, en 200 reikningseiningum að því er varðar einkafarangur ferðamanna.
3. Reikningseining (R.E.) jafngildir 0.88867088 gr af hreinu gulli. Ef reikningseiningunni verður breytt, ber samningsaðilum að hafa samband sín á milli í sameiginlegu nefndinni til að skýrgreina verðmætið að nýju í gulli.

15. gr.

1. Vörur, sem sendar eru frá Efnahagsbandalaginu eða frá Íslandi á vörusýningu í öðrum löndum en þeim, sem talin eru í 2. gr., og seldar eftir sýninguna til Íslands eða Efnahagsbandalagsins, njóta við innflutning hags af ákvæðum samningsins, enda uppfylli þær skilyrði þessa samnings til að viðurkennt verði, að þær séu upprunnar í Bandalaginu eða á Íslandi, auk þess að fullnægjandi sönnun sé, að mati tollyfirvalda, færð fyrir því:
   a) að útflytjandi hafi sent þessar vörur frá landsvæðum Efnahagsbandalagsins eða Íslandi til landsins, þar sem sýningin er haldin, og sýnt þær þar;
   b) að útflytjandinn hafi selt vörurnar eða afsalað þeim til viðtakanda á Íslandi eða í Efnahagsbandalaginu;
   c) að vörurnar hafi verið sendar á meðan á sýningunni stóð eða strax eftir hana til Íslands eða til Efnahagsbandalagsins í því ástandi, sem þær voru í, þegar þær voru sendar á sýninguna;
   d) að frá þeirri stundu, er vörurnar voru sendar á sýninguna, hafi þær ekki verið notaðar í öðru skyni en til sýningar á vörusýningunni.
2. Framvísa ber flutningsskírteini hjá tollyfirvöldum með venjulegum hætti. Þar ber að geta nafns sýningarinnar og staðarins, þar sem hún er haldin. Ef þörf krefur, er heimilt að krefjast sérstakra skjalfestra gagna um eðli varanna og aðstæður við sýningu þeirra.
3. Ákvæðum 1. tl. má beita um allar vörusýningar, kaupstefnur eða samsvarandi opinberar sýningar viðskiptalegs eðlis, iðnsýningar, landbúnaðarsýningar eða hand-

verkssýningar, aðrar en þær sýningar, sem skipulagðar eru með einkahagsmuni fyrir augum í sölubúðum eða verzlunarhúsum, og þar sem markmiðið er að selja erlendar vörur. Meðan á sýningunni stendur, skulu vörurnar hafa verið undir eftirliti tollyfirvalda.

16. gr.

Til að tryggja það, að ákvæðum þessa hluta verði réttilega beitt, skulu aðildarríki Efnahagsbandalagsins og Ísland veita hvert öðru gagnkvæma aðstoð með tilstuðlan tollyfirvalda sinna til að fylgjast með því, að flutningsskírteinin séu ófölsuð og efnislega rétt, þar með talin þau skírteini, sem gefin eru út samkvæmt 4. tl. 8. gr.

Sameiginlega nefndin hefur heimild til að taka nauðsynlegar ákvarðanir til að samvinna stjórnvalda verði hafin á réttum tíma í Efnahagsbandalaginu og á Íslandi.

17. gr.

Hver sá skal sæta viðurlögum, sem gefur út eða lætur gefa út skjal, sem hefur að geyma rangar upplýsingar, í því skyni að afla sér flutningsskírteinis, er veitir heimild til að fríðindareglum samningsins verði beitt varðandi tilteknar vörur.

III. HLUTI
Lokaákvæði

18. gr.

Efnahagsbandalagið og Ísland munu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að hægt verði að framvísa flutningsskírteinum í samræmi við 13. gr. þessarar bókunar frá 1. apríl 1973.

19. gr.

Efnahagsbandalagið og Ísland munu, að því er þau varðar, gera þær ráðstafanir, sem framkvæmd ákvæða þessarar bókunar krefst.

20. gr.

Skýringarnar, listar A, B og C og fyrirmyndir flutningsskírteinanna eru óaðskiljanlegur hluti þessarar bókunar.

21. gr.

Vörur, sem eru í samræmi við ákvæði I. hluta og sem eru þann 1. apríl 1973 á leið milli Efnahagsbandalagsins og Íslands eða í bráðabirgðageymslu þar, í tollvörugeymslu eða á tollfrjálsum svæðum, geta notið ákvæða samningsins, enda verði tollyfirvöldum í innflutningslandinu — innan 4 mánaða frá þessum degi — afhent flutningsskírteini, útgefið eftir á af réttum yfirvöldum í útflutningslandinu, auk skjala, sem staðfesta, með hvaða hætti vörurnar hafa verið sendar.

22. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að flutningsskírteinin, sem tollyfirvöld í aðildarríkjum Efnahagsbandalagsins og á Íslandi eiga að afhenda í samræmi við samninga þá, sem vísað er til í 2. gr., verði tilbúin til afhendingar í samræmi við ákvæði samninganna. Þeir skuldbinda sig einnig til að tryggja þá samvinnu stjórnvalda, sem nauðsynleg er í þessu tilliti, einkum til að fylgzt verði með sendingu varanna og geymslu í samræmi við samningana, sem vísað er til í 2. gr.

23. gr.

1. Án þess að það brjóti í bága við ákvæði 1. gr. bókunar nr. 2, er endurgreiðsla tolla óheimil og hvers konar tollfríðindi vegna efnivara, sem ekki eru upprunnar í Efnahagsbandalaginu eða á Íslandi eða í þeim löndum, sem talin eru í 2. gr. þessarar bókunar frá því tímamarki, þegar tollur á þess konar vörur hefur verið færður í 40% af grunntolli í Efnahagsbandalaginu og á Íslandi.

2. Án þess að það brjóti í bága við ákvæði 1. gr. bókunar nr. 2, er endurgreiðsla tolla og hvers konar tollfríðindi óheimil í Danmörku, Noregi og Bretlandi, þegar flutningsskírteini er gefið út af tollyfirvöldum í Danmörku, Noregi eða Bretlandi, til að notið verði á Íslandi hlunninda tollskrárákvæða þeirra, sem þar gilda, og vísað er til í 1. tl. 3. gr. og 4. gr. samningsins, vegna vara, sem fluttar eru inn og notaðar í framleiðslu í Danmörku, Noregi eða Bretlandi, nema ef um er að ræða þær vörur, sem við er átt í 1. tl. 25. gr.

3. Án þess að það brjóti í bága við ákvæði 1. gr. bókunar nr. 2, er endurgreiðsla tolla og hvers konar tollfríðindi óheimil á Íslandi, þegar flutningsskírteini er gefið út af tollyfirvöldum á Íslandi, til að notið verði í Danmörku, Noregi eða Bretlandi hlunninda þeirra tollskrárákvæða þessara þriggja landa, sem vísað er til í 1. tl. 3. gr. samningsins, vegna vara, sem fluttar eru til Íslands og notaðar í framleiðslu þar, nema ef um er að ræða þær vörur, sem við er átt í 1. tl. 25. gr.

4. Þegar rætt er um „toll" í þessari grein og þeim greinum, sem fara hér á eftir, er einnig átt við gjöld, sem jafngilda tollum.

24. gr.

1. Flutningsskírteinin skulu bera með sér, ef því er að skipta, að vörurnar, sem þau eiga við, fullnægi skilyrðum upprunareglnanna og að öll frekari aðvinnsla hafi eingöngu farið fram á Íslandi eða í Danmörku, Noregi, Bretlandi eða í þeim fimm löndum, sem um er rætt í 2. gr. þessarar bókunar, allt til þess dags, þegar tollurinn á þessum vörum hefur verið felldur niður í viðskiptum Efnahagsbandalagsins í upphaflegri mynd þess og Írlands annars vegar og Íslands hins vegar.

2. Í öðrum tilvikum skulu þau greina, ef því er að skipta, áunninn virðisauka á hverju eftirtalinna landsvæða:

— Efnahagsbandalaginu í upphaflegri mynd þess,
— Írlandi,
— Danmörku, Noregi, Bretlandi,
— Íslandi,
— hverju þeirra fimm landa, sem getið er um í 2. gr. þessarar bókunar.

25. gr.

1. Við innflutning til Íslands, Danmerkur, Noregs eða Bretlands verður aðeins notið hlunninda tollaákvæða þeirra, sem í gildi eru á Íslandi eða í hinum löndunum þrem og getið er í 1. tl. 3. gr. samningsins, þegar látið hefur verið af hendi flutningsskírteini fyrir viðkomandi vörur, þar sem þess er getið, að vörurnar fullnægi skilyrðum um uppruna og öll frekari aðvinnsla hafi aðeins farið fram á Íslandi eða í þeim þrem löndum, sem getið er hér að framan, eða í löndunum fimm, sem um er rætt í 2. gr. þessarar bókunar.

2. Í öðrum tilvikum en þeim, sem fjallað er um í 1. tl., geta Ísland annars vegar og Efnahagsbandalagið hins vegar gert tímabundnar ráðstafanir í því skyni að innheimta ekki tolla skv. 2. tl. 3. gr. samningsins af því verðmæti, sem samsvarar verðmæti vara, sem annaðhvort eru upprunnar á Íslandi eða í Efnahagsbandalaginu og notaðar hafa verið sem efnivörur við framleiðslu annarra vara, sem fullnægja skilyrðum þessarar bókunar og eru síðan innfluttar annaðhvort til Íslands eða Efnahagsbandalagsins.

26. gr.

Samningsaðilum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að komast að samkomulagi við Austurríki, Finnland, Portúgal, Svíþjóð og Sviss, þannig að tryggt verði, að ákvæði þessarar bókunar komi til framkvæmda.

27. gr.

1. Við framkvæmd ákvæða A-liðs 1. tl. 2. gr. þessarar bókunar verður farið með allar vörur, upprunnar í einu þeirra fimm landa, sem um er rætt í þeirri grein, eins og vörur, sem ekki fullnægja skilyrðunum um uppruna, á því tímabili eða þeim tímabilum, sem Ísland beitir um þær vörur gagnvart viðkomandi ríki þeim tollum, sem gilda um innflutning frá þriðja ríki eða öðrum samsvarandi öryggisráðstöfunum í samræmi við reglur um viðskipti Íslands og landanna fimm, sem um er rætt í 2. gr.

2. Við framkvæmd ákvæða B-liðs 1. tl. 2. gr. verður farið með allar vörur, upprunnar í einhverju þeirra fimm landa, sem um er rætt í þessari grein, eins og vörur, sem ekki fullnægja skilyrðunum um uppruna á því tímabili eða þeim tímabilum, sem Efnahagsbandalagið beitir um þær vörur gagnvart viðkomandi ríki þeim tollum, sem gilda um innflutning frá þriðja ríki, eða öðrum samsvarandi öryggisráðstöfunum í samræmi við ákvæði samningsins.

28. gr.

Sameiginlega nefndin getur ákveðið að gera endurbætur á ákvæðum 3. tl. 5. gr. I. hluta, II. hluta og 23., 24. og 25. gr. III. hluta, svo og viðauka I, II, III, V og VI við þessa bókun. Einkum hefur hún heimild til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að aðlaga þau kröfum varðandi tilteknar vörur eða varðandi tiltekna hætti við vöruflutninga.

Viðauki I.

SKÝRINGAR

Skýring nr. 1 — við 1. gr.

Orðin „Efnahagsbandalagið“ eða „Ísland“ taka einnig til landhelgi aðildarríkja Efnahagsbandalagsins eða Íslands.

Á skip á úthafinu, þar með talin „verksmiðjuskip“, þar sem fram fer um borð aðvinnsla á afla þeirra, er litið svo á sem þau væru hluti af yfirráðasvæði ríkisins, sem þau tilheyra, enda fullnægi þau skilyrðum í skýringu nr. 5.

Skýring nr. 2 — við 1., 2. og 3. gr.

úr 70.13	Borðbúnaður, húsbúnaður, snyrtiáhöld, hreinlætistæki og skrifstofuáhöld, skrautmunir o. þ. h. úr slípuðu gleri (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 70.19)	Slípun á glermunum, sem að verðmæti fara ekki fram úr 50% af verðmæti vörunnar fullgerðrar
úr 70.20	Vörur úr glertrefjum	Framleiðsla úr óunnum glertrefjum
úr 71.02	Eðalsteinar og hálfeðalsteinar, slípaðir eða unnir á annan hátt (þar með taldir óflokkaðir steinar dregnir á þráð aðeins til flutnings), en ekki uppsettir eða inngreyptir	Framleiðsla úr óunnum eðalsteinum
úr 71.03	Tilbúnir og endurgerðir eðalsteinar og hálfeðalsteinar, slípaðir eða unnir á annan hátt (þar með taldir óflokkaðir steinar dregnir á þráð aðeins vegna flutnings), en ekki uppsettir eða inngreyptir	Framleiðsla úr óunnum, tilbúnum og endurgerðum eðalsteinum og hálfeðalsteinum
úr 71.05	Silfur og silfurlegeringar, þar með talið silfur með gull- og platínuhúð, hálfunnið	Framleiðsla með því að valsa, draga, þráðdraga, berja og mylja óunnið silfur og silfurlegeringar
úr 71.05	Silfur og silfurlegeringar, þar með talið silfur með gull- og platínuhúð, óunnið	Legering eða rafgreining óunnins silfurs og silfurlegeringar
úr 71.06	Silfurplett (silfurdoublé), hálfunnið	Framleiðsla með því að valsa, draga, þráðdraga, berja og mylja óunnið silfurplett (silfurdoublé)

Fullgerð vara		Aðvinnsla, sem nægir til að varan standist upprunakröfurnar
Númer í tollskrá	Vörulýsing	
úr 71.07	Gull og gulllegeringar (þar með talið platínuhúðað gull), hálfunnið	Framleiðsla með því að valsa, draga, þráðdraga, berja og mylja óunnið gull og gulllegeringar (þar með talið platínuhúðað gull)
úr 71.07	Gull og gulllegeringar (þar með talið platínuhúðað gull), óunnið	Legering eða rafgreining óunnins gulls og gulllegeringa
úr 71.08	Óeðlir málmar og silfur með gullhúð, hálfunnið	Framleiðsla með því að valsa, draga, þráðdraga, berja og mylja óunna óeðla málma með gullhúð
úr 71.09	Platína og aðrir platínumálmar, hálfunnir	Framleiðsla með því að valsa, draga, þráðdraga, berja og mylja óunna platínu og aðra platínumálma
úr 71.09	Platína og aðrir platínumálmar, óunnir	Legering eða rafgreining platínu og annarra platínumálma og legeringar þeirra óunninna
úr 71.10	Óeðlir málmar og góðmálmar með platínuhúð eða húð af öðrum platínumálmum, hálfunnið	Framleiðsla með því að valsa, draga, þráðdraga, berja og mylja óunna góðmálma og óeðla málma með platínuhúð eða húð af öðrum platínumálmum
úr 73.15	Stállegeringar og kolefnisríkt stál — með sama lagi og tilgreint er í nr. 73.07–73.13 — með sama lagi og tilgreint er í nr. 73.14	Framleiðsla úr vörum með sama lagi og tilgreint er í nr. 73.06 Framleiðsla úr vörum með sama lagi og tilgreint er í nr. 73.06 og 73.07
úr 74.01	Óhreinsaður kopar (blisterkopar og annar kopar)	Framleiðsla úr koparsteini
úr 74.01	Hreinsaður kopar	Hreinsun með hitun eða rafgreiningu á óhreinsuðum kopar (blisterkopar og öðrum kopar), koparúrgangi og brotakopar
úr 74.01	Koparlegeringar	Bræðsla og hitameðferð á hreinsuðum kopar, koparúrgangi og brotakopar
úr 75.01	Óunninn nikkill (þó ekki forskaut í nr. 75.05)	Hreinsun, með rafgreiningu, bræðslu eða kemískum aðferðum á nikkilsteini, nikkilspeiss og öðrum hálfunnum nikkilvörum
úr 77.04	Beryllíum, unnið	Framleiðsla með því að valsa, draga, þráðdraga og berja óunnið beryllíum, sem fer ekki að verðmæti fram úr 50% af verðmæti vörunnar fullgerðrar
úr 81.01	Wolfram (tungsten), unnið	Framleiðsla úr óunnu wolfram, sem fer ekki að verðmæti fram úr 50% af verðmæti vörunnar fullgerðrar
úr 81.02	Molybden, unnið	Framleiðsla úr óunnu molybden, sem fer ekki að verðmæti fram úr 50% af verðmæti vörunnar fullgerðrar
úr 81.03	Tantal, unnið	Framleiðsla, úr óunnu tantali, sem fer ekki að verðmæti fram úr 50% af verðmæti vörunnar fullgerðrar
úr 81.04	Aðrir ódýrir málmar, unnir	Framleiðsla úr óunnum, ódýrum málmum, sem fara ekki að verðmæti fram úr 50% af verðmæti vörunnar fullgerðrar

Fullgerð vara		
Númer í tollskrá	Vörulýsing	Aðvinnsla, sem nægir til að varan standist upprunakröfurnar
úr 84.06	Sprengihreyflar og brunahreyflar með bullu	Aðvinnsla eða samsetning, sem í eru notaðar vörur, vöruhlutar og varahlutir, sem fara ekki að verðmæti fram úr 40% af verðmæti vörunnar fullgerðrar
úr 84.08	Aðrar aflvélar og hreyflar, þó ekki þotuhreyflar og gashreyflar	Aðvinnsla eða samsetning, sem í eru notaðar vörur, vöruhlutar og varahlutir, sem ekki standast upprunakröfurnar og fara ekki að verðmæti fram úr 40% af verðmæti vörunnar fullgerðrar, enda standist a. m. k. 50% af verðmæti varanna, vöruhlutanna og varahlutanna, sem notaðir eru (1), upprunakröfurnar
84.16	Sléttipressur (calendering machines) og aðrar valsvélar (þó ekki slíkar vélar til vinnslu málma og glers), einnig valsar til þeirra	Aðvinnsla og samsetning, sem í eru notaðar vörur, vöruhlutar og varahlutir, sem standast ekki upprunakröfurnar og fara ekki að verðmæti fram úr 25% af verðmæti vörunnar fullgerðrar
úr 84.17	Vélar, tæki og vélasamstæður, einnig með rafmagnsupphitun, til vinnslu á efnum með aðferðum, sem fela í sér hitabreytingu, til timburiðnaðar, pappírsmassa-, pappírs- og pappaiðnaðar	Aðvinnsla og samsetning, sem í eru notaðar vörur, vöruhlutar og varahlutir, sem standast ekki upprunakröfurnar og fara ekki að verðmæti fram úr 25% af verðmæti vörunnar fullgerðrar
84.31	Vélar og tæki til framleiðslu og vinnslu á pappírsmassa, pappír og pappa	Aðvinnsla og samsetning, sem í eru notaðar vörur, vöruhlutar og varahlutir, sem standast ekki upprunakröfurnar og fara ekki að verðmæti fram úr 25% af verðmæti vörunnar fullgerðrar
84.33	Pappírs- og pappaskurðarvélar; aðrar vélar til vinnslu á pappírsmassa, pappír og pappa	Aðvinnsla og samsetning, sem í eru notaðar vörur, vöruhlutar og varahlutir, sem standast ekki upprunakröfurnar og fara ekki að verðmæti fram úr 25% af verðmæti vörunnar fullgerðrar
úr 84.41	Saumavélar (fyrir vefnað, leður, skófatnað o. s. frv.); þar með talin húsgögn sérstaklega útbúin fyrir saumavélar	Aðvinnsla eða samsetning, sem í eru notaðar vörur, vöruhlutar og varahlutir, sem ekki standast upprunakröfurnar og fara ekki að verðmæti fram úr 40% af verðmæti vörunnar fullgerðrar, enda: — standist minnst 50% af verðmæti varanna, vöruhlutanna og varahlutanna (1), sem notuð eru til samsetningar á yfirhluta vélarinnar (mótorinn ekki meðtalinn), upprunakröfurnar — standist þráðarspennir, gripbúnaður og útbúnaður fyrir víxlsaum (zig-zag) upprunakröfurnar
87.06	Hlutar, varahlutir og fylgitæki fyrir ökutæki þau, er teljast til nr. 87.01–87.03	Aðvinnsla eða samsetning, sem í eru notaðar vörur, vöruhlutar og varahlutir, sem fara ekki að verðmæti fram úr 15% af verðmæti vörunnar fullgerðrar
úr 95.01	Vörur úr skjaldbökuskel	Framleiðsla úr unninni skjaldbökuskel

(1) Við ákvörðun á verðmæti þessara vara, vöruhluta og varahluta ber að miða við:
(a) varðandi vörur, vöruhluta og varahluti, sem standast upprunakröfurnar, fyrsta verð, sem hægt er að ganga úr skugga um, að greitt hafi verið eða átt að greiða við sölu fyrir umræddar vörur, á landsvæði þess ríkis, þar sem aðvinnslan eða samsetningin fer fram;
(b) varðandi aðrar vörur, vöruhluta og varahluti, ákvæði 6. greinar þessarar reglugerðar, sem ákvarðar:
— verðmæti innfluttu varanna
— verðmæti vara af óákveðnum uppruna.

Fullgerð vara		Aðvinnsla, sem nægir til að varan standist upprunakröfurnar
Númer í tollskrá	Vörulýsing	
úr 95.02	Vörur úr perlumóður	Framleiðsla úr unninni perlumóður
úr 95.03	Vörur úr fílabeini	Framleiðsla úr unnu fílabeini
úr 95.04	Vörur úr beini	Framleiðsla úr unnu beini
úr 95.05	Vörur úr horni, kóral (náttúrulegum eða tilbúnum) og öðrum útskurðarefnum úr dýraríkinu	Framleiðsla úr unnu horni, kóral (náttúrlegum eða tilbúnum) og öðrum útskurðarefnum úr dýraríkinu
úr 95.06	Vörur úr útskurðarefnum úr jurtaríkinu (t. d. fílabeinshnetum)	Framleiðsla úr unnum útskurðarefnum úr dýraríkinu (t. d. fílabeinshnetum)
úr 95.07	Vörur úr merskúmi og rafi, náttúrlegu eða tilbúnu, harðkolum (jet) og jarðefnum, svipuðum harðkolum	Framleiðsla úr unnu merskúmi og rafi, náttúrlegu eða tilbúnu, harðkolum og jarðefnum, svipuðum harðkolum
úr 98.11	Reykjarpípur, þar með taldir pípuhausar	Framleiðsla úr lauslega formuðu pípuefni

Viðauki IV.

LISTI C
yfir vörur, sem ákvæðum þessarar bókunar verður ekki beitt við

Tollskrárnúmer	Vörulýsing
úr 27.07	Ilmsterkar olíur, sem nefndar eru í 2. athugasemd við 27. kafla, sem verða eimaðar um meira en 65% af magni við allt að 250° C (þar með taldar blöndur bensíns og bensóls), ætlaðar til notkunar sem vélaeldsneyti eða hitunareldsneyti
27.09 til 27.16	Jarðolíur og efni framleidd með eimingu úr jarðolíu; tjörukennd efni, jarðvax
úr 29.01	Kolvetni (karbónhydríd): — óhringliða — cyclanísk og cyclenísk, nema azulen — bensól, tolúól, xylól ætlað til notkunar sem vélaeldsneyti eða hitunareldsneyti
úr 34.03	Smurefni, sem í eru jarðolíur eða olíur úr tjörukenndum steinefnum, nema þau, sem í er minnst 70% af jarðolíum eða olíum, fengnum úr tjörukenndum steinefnum, miðað við þunga
úr 34.04	Vax, sem í er parafín, smákristallað vax, eða tjörukennd steinefni, úr parafínleifum
úr 38.14	Tilbúin efni til blöndunar í smurolíu

Viðauki V.

Samningur EBE - Ísland

Útflytjandi (nafn, fullt heimilisfang, land)

Viðtakandi (nafn, fullt heimilisfang, land) (valfrjáls útfylling)

Flutningsfar við upphaf flutnings (hvers konar, númer eða nafn) (valfrjáls útfylling)

Fyrirhuguð flutningsleið (valfrjáls útfylling)

A. IS. 1

A Nr. 00.000

Certificat de circulation des marchandises
Warenverkehrsbescheinigung
Certificato per la circolazione delle merci
Certificaat inzake goederenverkeer
Movement certificate
Varecertifikat
Varesertifikat
Flutningsskírteini

Ákvörðunarland [1])

Útfyllist af yfirvöldum

Raðnr.	Stykki [2]) Merki og númer	Stykki [2]) Tala og teg. umbúða	Vörulýsing	Þyngd brúttó (kg) eða annað mál hl, m³ o.s.frv.	Nr. og dagsetningar vörureikninga (valfrjáls útfylling)

Heildartala stykkja (í bókstöfum)

Heildarmagn (í bókstöfum)

Athugasemdir

ÁRITUN TOLLYFIRVALDA

Yfirlýsingin staðfest

Útflutningsskjal [3]) Eyðublað Nr.

Útgáfuland

Tollstöð

Embættis-stimpill

(Undirskrift)

YFIRLÝSING ÚTFLYTJANDA

Ég undirritaður lýsi yfir, að vörur þær, sem eru tilgreindar hér að ofan og staðsettar eru

[4])

fullnægja skilyrðum fyrir útgáfu þessa skírteinis [5])

(Staður og dagsetning)

(Undirskrift)

Sending þann (valfrjáls útfylling) Nr.

1) Tilgreinið Efnahagsbandalag Evrópu eða Ísland.

2) Um vörur, sem flutlar eru lausar (bálkavörur), ber að skýra frá tilgreina nafn skips, númer járnbrautarvagns eða númer flutningsbifreiðar, eftir því sem við á.

3) Útfyllist aðeins, ef reglur í útflutningslandinu mæla svo fyrir.

4) Útfyllist með „Ísland" eða í „Efnahagsbandalagsríki" (ef sótt er um útgáfu skírteinisins í aðildarríki bandalagsins).

5) Sjá skýringar á bakhlið.

BEIÐNI UM ATHUGUN

Undirritaður tollstarfsmaður óskar athugunar á því, hvort framanritað skírteini sé ófalsað og efnislega rétt.

(Staður og dagsetning)

Embættis-stimpill

(Undirskrift starfsmanns)

NIÐURSTAÐA ATHUGUNAR

Athugun, sem undirritaður tollstarfsmaður hefur framkvæmt, hefur leitt í ljós, að þetta skírteini:

1. Hefur verið gefið út af því tollyfirvaldi, sem tilgreint er í skírteininu og að upplýsingar þær, sem í því eru gefnar, eru réttar.[1])

2. Uppfyllir ekki skilyrði um falsleysi og réttar upplýsingar (sjá meðfylgjandi athugasemdir).[1])

(Staður og dagsetning)

Embættis-stimpill

(Undirskrift starfsmanns)

1) Strikið út það, sem ekki á við.

I Vörur sem heimilt er að gefa út flutningsskírteini A.IS.1 fyrir

Vörurnar verða að vera íslenzkar að uppruna í samræmi við ákvæði 1. gr. bókunar nr. 3 í samningi Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu. Helztu ákvæði þessarar greinar eru, að vörurnar verða að fullnægja einhverju af eftirtöldum skilyrðum:

1. Vörurnar verða að vera framleiddar að öllu leyti á Íslandi í samræmi við skýrgreiningu í 4. gr. fyrrnefndrar bókunar; eða
2. vörurnar verða að vera framleiddar úr vörum, sem vitnað er til í 1. tl. að ofan, og úr vörum, sem eru upprunnar í Efnahagsbandalaginu, eins og skýrgreint er í fyrrgreindri bókun; eða
3. vörurnar verða að vera framleiddar að hluta eða að öllu leyti úr öðrum efnivörum eða hlutum en vitnað er til í 1. og 2. tl. að ofan eða úr efnivörum eða hlutum af óvissum uppruna í því skyni að gera úr þeim aðrar vörur, að því tilskildu, að efnivörurnar eða hlutirnir hafi hlotið nægilega aðvinnslu á Íslandi eins og skýrgreint er í 5. gr. fyrrgreindrar bókunar. Aðalkrafa 5. gr. er, að fullunnu vörurnar falli undir annað tollskrárnúmer Bruxelles-tollnafnaskrárinnar en efnivörurnar og hlutirnir, sem þær eru framleiddar úr. Ef fullunnu vörurnar eru hins vegar tilgreindar í lista A í bókuninni, verður að fullnægja settum skilyrðum í þeim lista auk tollskrárnúmeraskipta. Ef fullunnu vörurnar eru tilgreindar í lista B í bókuninni, er ekki krafizt tollskrárnúmeraskipta, en í þess stað verður að fullnægja settum skilyrðum í þeim lista.

II Svæðið sem flutningsskírteini A.IS.1 tekur til

Flutningur vara, sem upprunnar eru á Íslandi eða í Efnahagsbandalaginu, sem fer fram í einni óskiptri sendingu, er heimill með viðkomu á landssvæði annarra ríkja en aðildarríkja Efnahagsbandalagsins, Íslands, Austurríkis, Finnlands, Portúgals, Svíþjóðar eða Sviss, með umskipun, ef því er að skipta, eða bráðabirgðageymslu á þessum landssvæðum, ef flutningur yfir þessi landssvæði réttlætist af landfræðilegum ástæðum, og vörurnar hafa verið undir eftirliti tollyfirvalda í landinu, sem þær eru fluttar yfir, eða þar sem þær eru geymdar til bráðabirgða, og þær hafa ekki verið þar á boðstólum til sölu eða neyzlu og hafa ekki fengið þar aðra meðferð en fermingu og affermingu eða meðferð, sem miðar að því að forða þeim frá skemmdum.

III Reglur sem gæta ber við gerð flutningsskírteinis A.IS.1

1. Flutningsskírteini A.IS.1 ber að rita á einu af þeim tungumálum, sem samningurinn er gerður á, og í samræmi við reglur landsréttar í útflutningslandinu.
2. Það sem handskrifað kann að vera á flutningsskírteini A.IS.1 skal gert með bleki og prentstöfum. Hvorki má afmá það, sem ritað hefur verið, né skrifa yfir það. Breytingar, sem gerðar eru, ber að gera með því að strika yfir það, sem ranglega hefur verið skráð, og bæta við þeim leiðréttingum, sem óskað er að gera. Sá, sem býr út skírteinið, verður að samþykkja allar breytingar, sem þannig eru gerðar. Breytingarnar verða að vera staðfestar af tollyfirvöldum.
3. Fyrir framan hvern vörulið, sem tilgreindur er á A.IS.1 flutningsskírteininu, ber að skrá raðnúmer. Undir síðasta innfærða vöruliðinn skal draga lárétt strik. Eyðu þá, sem eftir verður ónotuð, skal strika yfir þannig, að engu verði aukið við síðar.
4. Heiti varanna ber að tilgreina í samræmi við viðskiptavenjur með nægilegri nákvæmni til að hægt sé að þekkja þær af lýsingunni.
5. Útflytjandi eða farmflytjandi getur fyllt út tilvísun til flutningsskjals í þann hluta skírteinisins, sem ætlaður er fyrir yfirlýsingu útflytjanda. Útflytjanda eða farmflytjanda er ennfremur bent á að skrá númer A.IS.1 flutningsskírteinisins á flutningsskjal það, sem gefið er út vegna vörusendingarinnar.

IV Þýðing flutningsskírteinis A.IS.1

Þegar flutningsskírteini A.IS.1 er notað á réttan hátt, veitir það heimild til að njóta í innflutningslandinu hlunninda þeirra, sem kveðið er á um í samningnum, að því er varðar þær vörur, sem lýst er í skírteininu.

Telji tollyfirvöld í innflutningslandinu það nauðsynlegt, geta þau krafizt framlengingar sérhverra þeirra skjala, einkum flutningsskjala, er nota má sem sönnunargögn og gefin hafa verið út vegna vörusendingarinnar.

V Frestur til framlagningar flutningsskírteinis A.IS.1

Flutningsskírteini A.IS.1 skal leggja fram innan fjögurra mánaða frá útgáfu þess hjá tollyfirvaldi í innflutningslandinu, þar sem vörunum er framvísað.

VI Viðurlög

Hver sá skal sæta viðurlögum, sem gefur út eða lætur gefa út skjal, sem hefur að geyma rangar upplýsingar, í því skyni að afla sér flutningsskírteinis er veitir heimild til, að fríðindareglum samningsins verði beitt varðandi tilteknar vörur.

Samningur EBE - Ísland

Útflytjandi (nafn, fullt heimilisfang, land)

A. IS. 1

A Nr. 00.000

Viðtakandi (nafn, fullt heimilisfang, land) (valfrjáls útfylling)

Certificat de circulation des marchandises
Warenverkehrsbescheinigung
Certificato per la circolazione delle merci
Certificaat inzake goederenverkeer
Movement certificate
Varecertifikat
Varesertifikat
Flutningsskírteini

Flutningsfar við upphaf flutnings (hvers konar, númer eða nafn) (valfrjáls útfylling)

Akvörðunarland [1])

Fyrirhuguð flutningsleið (valfrjáls útfylling)

Útfyllist af yfirvöldum

Rað-nr.	Stykki [2]) Merki og númer	Stykki [2]) Tala og teg. umbúða	Vörulýsing	Þyngd brúttó (kg) eða annað mál hl, m³ o.s.frv.	Nr. og dagsetningar vörureikninga (valfrjáls útfylling)

Heildartala stykkja (í bókstöfum)

Heildarmagn (í bókstöfum)

Athugasemdir

1) Tilgreinið Efnahagsbandalag Evrópu eða Ísland.

2) Um vörur, sem fluttar eru lausar (bökkvörur), ber aðeins að tilgreina nafn skips, númer járnbrautarvagns eða númer flutningabifreiðar, allt eftir því sem við á.

YFIRLÝSING ÚTFLYTJANDA

Ég undirritaður, útflytjandi þeirra vara, sem lýst er hér að framan,

LÝSI YFIR, að þessar vörur eru fengnar .....[1] og fullnægja skilyrðum 1. gr. bókunarinnar um skýrgreiningu hugtaksins „upprunavörur", sem fylgir samningnum milli Efnahagsbandalagsins og Íslands;

TILGREINI þau atvik, sem ráða því, að þessar vörur teljast „upprunavörur" eins og hér greinir:[2]

.....

.....

.....

.....

LEGG FRAM eftirgreind skilríki þessu til stuðnings:[3]

.....

.....

.....

.....

SKULDBIND MIG TIL að leggja fram, ef þess verður krafizt af réttum yfirvöldum, öll frekari sönnunargögn, sem þau kunna að telja nauðsynleg til að skírteinið verði gefið út, svo og til að samþykkja, að viðkomandi yfirvöld athugi bókhald mitt og aðstæður við framleiðslu ofannefndra vara, ef því er að skipta;

FER ÞESS HÉR MEÐ Á LEIT, að gefið verði út flutningsskírteini A.IS.1 fyrir þessar vörur.

.....
(Staður og dagsetning)

.....
(Undirskrift útflytjanda)

---

1) Útfyllið hér með „á Íslandi" eða „í Efnahagsbandalaginu" (ef vörurnar eru fengnar í einhverju af aðildarríkjum bandalagsins).

2) Útfyllist, ef um er að ræða aðrar vörur en þær, sem við er átt í a-lið 1. tl. og a-lið 2. tl. 1. gr. bókunar varðandi skýrgreiningu hugtaksins „upprunavörur", sem fylgir samningnum milli Efnahagsbandalagsins og Íslands.
Tilgreinið efnivörur, sem notaðar hafa verið, tollskrárnúmer þeirra, hvaðan þær eru og, þar sem við á, framleiðsluaðferð, sem veldur því, að varan telst upprunnin í framleiðslulandinu (sbr. lista B eða sérstök skilyrði tilgreind í lista A), framleiddu vörurnar og tollskrárnúmer þeirra.
Ef verðmæti efnivaranna má ekki fara fram úr tilteknum hundraðshluta af verðmæti framleiddu vörunnar, til að hún verði talin fullnægja upprunaskilyrðum, ber að tilgreina:
— Að því er varðar efnivörurnar:
— tollverð, ef þessar vörur eru upprunnar í þriðja landi;
— fyrsta verð, sem hægt er að ganga úr skugga um, að greitt hafi verið fyrir vörurnar á landsvæði ríkisins, þar sem framleiðslan fer fram, ef um er að ræða vörur af óvissum uppruna.
— Að því er varðar framleiddu vörurnar: Verð frá verksmiðju, þ. e. a. s. það verð, sem framleiðandanum hefur verið greitt í fyrirtækinu, þar sem aðvinnslan fór fram, að frádregnum innlendum álögum, sem endurgreiddar hafa verið eða endurgreiða má við útflutning frá viðkomandi ríki. Þegar slík aðvinnsla fer fram í tveimur eða fleiri fyrirtækjum, er miðað við það verð, sem greitt er síðasta framleiðanda.

3) T. d. innflutningsskjöl, vörureikningar, yfirlýsingar framleiðanda o. s. frv. varðandi efnivörurnar, sem notaðar hafa verið.

Viðauki VI.

Samningur EBE - Ísland

Útflytjandi (nafn, fullt heimilisfang, land)

A. W. 1 **A Nr. 00.000**

Viðtakandi (nafn, fullt heimilisfang, land) (valfrjáls útfylling)

Certificat de circulation des marchandises
Warenverkehrsbescheinigung
Certificato per la circolazione delle merci
Certificaat inzake goederenverkeer
Movement certificate
Varecertifikat
Varesertifikat
Flutningsskírteini

Flutningsfar við upphaf flutnings (hvers konar, númer eða nafn) (valfrjáls útfylling)

Ákvörðunarland [1]

Fyrirhuguð flutningsleið (valfrjáls útfylling)

Útfyllist af yfirvöldum

Röð-nr.	Stykki [2] Merki og númer	Stykki [2] Tala og teg. umbúða	Vörulýsing	Þyngd brúttó (kg) eða annað mál hl, m³ o.s.frv.	Nr. og dagsetningar vörureikninga (valfrjáls útfylling)

Heildartala stykkja (í bókstöfum)

Heildarmagn (í bókstöfum)

Athugasemdir

ÁRITUN TOLLYFIRVALDA

Yfirlýsingin staðfest

Útflutningsskjal [3] Nr.
Eyðublað

Útgáfuland

Tollstöð

Embættis-stimpill [4].

(Undirskrift)

YFIRLÝSING ÚTFLYTJANDA

Ég undirritaður lýsi yfir, að vörur þær, sem eru tilgreindar hér að ofan og staðsettar eru

[4]

. fullnægja skilyrðum fyrir útgáfu þessa skírteinis [5]

(Staður og dagsetning)

(Undirskrift)

Sending þann (valfrjáls útfylling) Nr.

Tilvísun [1] til [5] sjá nætst á bakhlið þessa blaðs.

BEIÐNI UM ATHUGUN

Undirritaður tollstarfsmaður óskar athugunar á því, hvort framanritað skírteini sé ófalsað og efnislega rétt.

.....
(Staður og dagsetning)

Embættis-stimpill

.....
(Undirskrift starfsmanns)

NIÐURSTAÐA ATHUGUNAR

Athugun, sem undirritaður tollstarfsmaður hefur framkvæmt, hefur leitt í ljós, að þetta skírteini:

1. Hefur verið gefið út af því tollyfirvaldi, sem tilgreint er í skírteininu og að upplýsingar þær, sem í því eru gefnar, eru réttar.[1])

2. Uppfyllir ekki skilyrði um falslevsi og réttar upplýsingar (sjá meðfylgjandi athugasemdir).[1])

.....
(Staður og dagsetning)

Embættis-stimpill

.....
(Undirskrift starfsmanns)

1) Strikið út það, sem ekki á við.

I Vörur sem heimilt er að gefa út flutningsskírteini A.W.1 fyrir

Skírteini samkvæmt þessari fyrirmynd verður aðeins gefið út:

— annað hvort ef vörurnar uppfylla þau skilyrði, sem talin eru í 2. og 3. gr. einnar af bókunum varðandi skýrgreiningu hugtaksins „upprunavörur", sem fylgja samningum, sem gerðir voru milli Efnahagsbandalags Evrópu annars vegar, og hvers þeirra sex ríkja fyrir sig, sem hér eru talin, hins vegar: Austurríkis, Finnlands, Íslands, Portúgals, Sviþjóðar, Sviss;

— eða, ef vörurnar uppfylla samsvarandi skilyrði, sem gilda í viðskiptum milli tveggja þeirra sex ríkja, sem talin eru hér að ofan. Til að ákveða, hvort líklegt sé, að skilyrðunum sé fullnægt, er þess vænzt, að áður en gefin er út yfirlýsing með það fyrir augum, að fá útgefið flutningsskírteini, verði efni ákvæðanna, sem ætlað er að byggja á vandlega kannað og, ef þörf krefur, leitað til þeirra yfirvalda, sem veitt geta allar upplýsingar í þessu efni, einkum varðandi vörur, sem ekki eru í tollvörugeymslu og ætlað er að flytja út aftur óbreyttar.

II Svæðið sem flutningsskírteini A.W.1 tekur til

Flutningur vara, sem upprunnar eru í Efnahagsbandalaginu eða í Austurríki, í Finnlandi, á Íslandi, í Portúgal, í Sviþjóð eða í Sviss, sem fer fram í einni óskiptri sendingu, er heimill með viðkomu á landsvæði annarra ríkja en aðildarríkja Efnahagsbandalagsins, Austurríkis, Finnlands, Íslands, Portúgals, Sviþjóðar eða Sviss, ef því er að skipta, með umskipun eða bráðabirgðageymslu á þessum landsvæðum, ef flutningur yfir þessi landsvæði réttlætist af landfræðilegum ástæðum, og vörurnar hafa verið undir eftirliti tollyfirvalda í landinu, sem þær eru fluttar yfir, eða þar sem þær eru geymdar til bráðabirgða og þær hafa ekki verið þar á boðstólum til sölu eða neyzlu og hafa ekki fengið þar aðra meðferð en fermingu og affermingu eða meðferð, sem miðar að því að forða þeim frá skemmdum.

III Reglur sem gæta ber við gerð flutningsskírteinis A.W.1

1. Flutningsskírteini A.W.1 ber að rita á einu af þeim tungumálum, sem samningurinn er gerður á, og í samræmi við reglur landsréttar í útflutningslandinu.
2. Það, sem handskrifað kann að vera á flutningsskírteini A.W.1, skal gert með bleki og prentstöfum. Hvorki má afmá það, sem ritað hefur verið, né skrifa yfir það. Breytingar, sem gerðar eru, ber að gera með því að strika yfir það, sem ranglega hefur verið skráð, og bæta við þeim leiðréttingum, sem óskað er að gera. Sá sem býr út skírteinið verður að samþykkja allar breytingar, sem þannig eru gerðar. Breytingarnar verða að vera staðfestar af tollyfirvöldum.
3. Fyrir framan hvern vörulið, sem tilgreindur er á A.W.1 flutningsskírteininu, ber að skrá raðnúmer. Undir síðasta innfærða vöruliðinn skal draga lárétt strik. Eyðu þá, sem eftir verður ónotuð, skal strika yfir þannig, að engu verði aukið við síðar.
4. Heiti varanna ber að tilgreina í samræmi við viðskiptavenjur með nægilegri nákvæmni til að hægt sé að þekkja þær af lýsingunni.
5. Útflytjandi eða farmflytjandi getur fyllt út tilvísun til flutningsskjals í þann hluta skírteinisins, sem ætlaður er fyrir yfirlýsingu útflytjanda. Útflytjanda eða farmflytjanda er ennfremur bent á að skrá númer A.W.1 flutningsskírteinisins á flutningsskjal það, sem gefið er út vegna vörusendingarinnar.

IV Þýðing flutningsskírteinis A.W.1

Þegar flutningsskírteini A.W.1 er notað á réttan hátt, veitir það heimild til að njóta í innflutningslandinu hlunninda þeirra, sem kveðið er á um í samningnum, að því er varðar þær vörur, sem lýst í skírteininu.

Telji tollyfirvöld í innflutningslandinu það nauðsynlegt, geta þau krafizt framlagningar sérhverra þeirra skjala, einkum flutningsskjala, er nota má sem sönnunargögn og gefin hafa verið út vegna vörusendingarinnar.

V Frestur til framlagningar flutningsskírteinis A.W.1

Flutningsskírteini A.W.1 skal leggja fram innan fjögurra mánaða frá útgáfu þess hjá tollyfirvaldi í innflutningslandinu, það sem vörunum er framvísað.

VI Viðurlög

Hver sá skal sæta viðurlögum, sem gefur út eða lætur gefa út skjal, sem hefur að geyma rangar upplýsingar, í því skyni að afla sér flutningsskírteinis, er veitir heimild til að friðindarreglum samningsins verði beitt varðandi tilteknar vörur.

Skýringar sem vitnað er til á framhlið þessa blaðs

1) Tilgreinið hér Efnahagsbandalag Evrópu eða ákvörðunarland, sem hefur gert við landið, þar sem sótt er um skírteinið, samning, sem heimilar að vörurnar verði taldar hafa náð að uppfylla eða haldið áfram að uppfylla skilyrði um uppruna samkvæmt 2. og 3. gr. bókunar varðandi skýrgreiningu hugtaksins „upprunavörur", sem fylgir samningum, sem gerður var milli Efnahagsbandalagsins annars vegar, og hvers eftirtalinna landa fyrir sig hins vegar: Austurríkis, Finnlands, Íslands, Portúgals, Sviþjóðar, Sviss, eða samkvæmt samsvarandi ákvæðum, sem gilda í viðskiptum milli tveggja þeirra sex landa, sem talin eru hér að ofan.

2) Um vörur, sem fluttar eru lausar (búlkavörur), ber aðeins að tilgreina nafn skips, númer járnbrautarvagns eða flutningsbifreiðar, allt eftir því, sem við á.

3) Útfyllist aðeins, ef reglur í útflutningslandinu mæla svo fyrir.

4) Tilgreinið landið, þar sem sótt er um skírteinið eða útfyllið með „í Efnhagsbandalaginu" (ef sótt er um útgáfu skírteinisins í aðildarríki bandalagsins)

5) Skilyrðin, sem uppfylla þarf, eru þau, sem talin eru:
— annað hvort í 2. eða 3. gr. einnar af bókunum varðandi skýrgreiningu hugtaksins „upprunavörur", sem fylgja samningunum, sem gerðir voru milli Efnahagsbandalags Evrópu og hvers eftirtalinna sex landa fyrir sig: Austurríkis, Finnlands, Íslands, Portúgals, Sviþjóðar, Sviss;
— eða samsvarandi skilyrði þeim, sem vísað er til hér að ofan, og gilda í viðskiptum milli tveggja þessara sex landa.

Samningur EBE - Ísland

Útflytjandi (nafn, fullt heimilisfang, land)

A. W. 1

A Nr. 00.000

Viðtakandi (nafn, fullt heimilisfang, land) (valfrjáls útfylling)

Certificat de circulation des marchandises
Warenverkehrsbescheinigung
Certificato per la circolazione delle merci
Certificaat inzake goederenverkeer
Movement certificate
Varecertifikat
Varesertifikat
Flutningsskírteini

Flutningsfar við upphaf flutnings (hvers konar, númer eða nafn) (valfrjáls útfylling)

Ákvörðunarland [1]

Fyrirhuguð flutningsleið (valfrjáls útfylling)

Útfyllist af yfirvöldum

Raðnr.	Stykki [2] Merki og númer	Stykki [2] Tala og teg. umbúða	Vörulýsing	Þyngd brúttó (kg) eða annað mál hl, m³ o.s.frv.	Nr. og dagsetningar vörureikninga (valfrjáls útfylling)

Heildartala stykkja (í bókstöfum)

Heildarmagn (í bókstöfum)

Athugasemdir

1) Sjá nefnanmálsgrein 4) á bakhlið skírteinisins.

2) Sjá nefnanmálsgrein 5) á bakhlið skírteinisins.

YFIRLÝSING ÚTFLYTJANDA

Ég undirritaður, útflytjandi þeirra vara, sem lýst er hér að framan,

LÝSI YFIR, að þessar vörur, sem eru .....[1] fullnægja skilyrðum til að gefið verði út fyrir þær flutningsskírteini A.W.1;[2]

TILGREINI þau atvik, sem ráða því, að þessar vörur teljast „upprunavörur" eins og hér greinir:[3]

.....

.....

.....

.....

LEGG FRAM eftirgreind skilríki þessu til stuðnings:[4]

.....

.....

.....

.....

SKULDBIND MIG TIL að leggja fram, ef þess verður krafizt af réttum yfirvöldum, öll frekari sönnunargögn, sem þau kunna að telja nauðsynleg til að skírteinið verði gefið út, svo og til að samþykkja, að viðkomandi yfirvöld athugi bókhald mitt og aðstæður við framleiðslu ofannefndra vara, ef því er að skipta;

FER ÞESS HÉR MEÐ Á LEIT, að gefið verði út flutningsskírteini A.W.1 fyrir þessar vörur.

.....
(Staður og dagsetning)

.....
(Undirskrift útflytjanda)

---

1) Tilgreinið landið, þar sem sótt er um skírteinið, eða útfyllið með „í Efnahagsbandalaginu" (ef sótt er um skírteinið í einhverju af aðildarríkjum bandalagsins).

2) Skilyrðin, sem uppfylla þarf eru þau, sem talin eru:
— annað hvort í 2. eða 3. gr. einnar af bókunum varðandi skýringingu hugtaksins „upprunavörur", sem fylgja samningum, sem gerðir voru milli Efnahagsbandalags Evrópu annars vegar, og hvers þeirra sex ríkja fyrir sig, sem hér eru talin, hins vegar: Austurríkis, Finnlands, Íslands, Portúgals, Svíþjóðar, Sviss;
— eða skilyrði samsvarandi þeim, sem vísað er til hér að framan og gilda í viðskiptum milli tveggja þessara sex ríkja.

3) Ef vörurnar hafa hlotið aðvinnslu, þar einkum að tilgreina efnivörur, sem notaðar hafa verið, tollskrárnúmer þeirra, hvaðan þær eru og, þar sem við á, framleiðsluaðferð, framleiddu vörurnar og tollskrárnúmer þeirra. Ef verðmæti efnivaranna má ekki fara fram úr tilteknum hundraðshluta af verðmæti framleiddu vörunnar til að talið verði, að hún hafi náð að uppfylla eða haldið áfram að uppfylla upprunaskilyrðin, ber að tilgreina:
— að því er varðar efnivörurnar: Tollverðmætið;
— að því er varðar framleiddu vörurnar: Verð frá verksmiðju, þ. e. það verð, sem framleiðandanum hefur verið greitt í fyrirtækinu, þar sem aðvinnslan fór fram, að frádregnum innlendum álögum, sem endurgreiddar hafa verið eða endurgreiða má við útflutning frá viðkomandi ríki. Þegar slík aðvinnsla fer fram í tveimur eða fleiri fyrirtækjum, er miðað við það verð, sem greitt er síðasta framleiðandanum.

4) Til dæmis innflutningsskjöl (einkum flutningsskírteini, sem gefin hafa verið út áður), vörureikningar, yfirlýsingar framleiðanda o. s. frv. varðandi efnivörurnar, sem notaðar hafa verið, eða vörur, sem fluttar hafa verið út aftur óbreyttar.

Bókun nr. 4

UM INNFLUTNINGSHÖFT, SEM ÍSLAND GETUR HALDIÐ

1. Með fráviki frá 13. gr. getur Ísland haldið innflutningshöftum að því er varðar vörur, sem hér eru taldar:

a)

Númer í Bruxelles-tollnafna-skránni	Vörulýsing
27.09	Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, óhreinsaðar
úr 27.10	Jarðolía hreinsuð að nokkru, þar með taldar frumhreinsaðar hráolíur („topped crude")
úr 27.10	Bensín, annað en flugvélabensín
úr 27.10	Gasolíur, brennsluolía til heimilisnota og létt brennsluolía
úr 27.10	Þungar brennsluolíur

b)

Númer í Bruxelles-tollnafna-skránni	Vörulýsing
úr 96.02	Burstagerðarvörur, að undanteknum burstum, sem eru hlutar í vélum, málningarrúllum, gúmmíþurrkum á skafti eða þurrkum úr öðru sams konar mjúku efni, listmálunarpenslum, tannburstum.

2. Innflutningshöftum á vörum, sem taldar eru í töflu 1 undir a), skal beitt þannig, að útflytjendur í Efnahagsbandalaginu fái tækifæri til að keppa við aðra seljendur á eðlilegan og jafnan hátt um sanngjarnan hluta íslenzka markaðarins, enda sé tekið tillit til eðlilegrar þróunar viðskiptanna.

Bókun nr. 5

UM SÉRSTÖK ÁKVÆÐI VARÐANDI ÍRLAND

Með fráviki frá 13. gr. samningsins verður beitt gagnvart Íslandi ráðstöfunum, sem ráð er fyrir gert í 1. og 2. tl. bókunar nr. 6 og 1. gr. bókunar nr. 7 í samkomulagi um aðildarskilmála og aðlögun að samningum, sem tókst í samningaviðræðum Evrópubandalaganna og Konungsríkisins Danmerkur, Írlands, Konungsríkisins Noregs og hins Sameinaða Konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, annars vegar, varðandi tiltekin innflutningshöft vegna Írlands, innflutning vélknúinna ökutækja og samsetningariðnað á Írlandi.

Bókun nr. 6

VARÐANDI SÉRSTÖK ÁKVÆÐI UM INNFLUTNING TIL EFNAHAGSBANDALAGSINS Á TILTEKNUM SJÁVARAFURÐUM

1. gr.

1. Að því er varðar afurðir, sem taldar eru hér á eftir og upprunnar eru á Íslandi,

— verða engir nýir tollar teknir upp í viðskiptum Efnahagsbandalagsins og Íslands,

— verður ákvæðum 2., 3. og 4. tl. 3. gr. samningsins beitt við innflutning til Efnahagsbandalagsins, í upphaflegri mynd þess, til Írlands og til Bretlands, þó þannig að fyrstu tollalækkanirnar verða 1. júlí 1973 í stað 1. apríl 1973.

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing
02.04	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst:
	C. Annað:
	úr I. Hvalkjöt og selkjöt; froskalæri:
	— Hvalkjöt
03.01	Fiskur, nýr (lifandi eða dauður), kældur eða frystur:
	B. úr sjó:
	II. flök
	b) fryst
	C. lifur, hrogn og svil
03.02	Fiskur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi; reyktur fiskur, einnig soðinn áður eða jafnframt reykingu:
	C. lifur, hrogn og svil
03.03	Krabbadýr og lindýr, með eða án skeljar, ný (lifandi eða dauð), kæld, fryst, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi; krabbadýr með skel, aðeins soðin í vatni:
	A. Krabbadýr:
	IV. rækjur:
	a) rækjur af pandalus-ætt (fleiri afbrigði)
15.04	Feiti og olía úr fiski og sjávarspendýrum, einnig hreinsuð
úr 15.12	Feiti og olíur úr jurta- eða dýraríkinu, vetnuð að nokkru eða öllu leyti, eða gerð föst eða hert með öðrum hætti, einnig hreinsuð, en ekki unnin að öðru leyti:
	— Olíur og feiti úr fiski og sjávarspendýrum
16.04	Fiskur, tilreiddur eða niðursoðinn, þar með talin styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra:
	A. styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra
16.05	Krabbadýr og lindýr (með eða án skeljar), tilreidd eða niðursoðin
23.01	Mjöl og duft úr kjöti, sláturúrgangi, fiski, krabbadýrum og lindýrum, óhæf til manneldis; hamsar

Afnám innflutningstolla á frystum fiskflökum tekur ekki gildi nema Ísland virði viðmiðunarverð, sem Efnahagsbandalagið ákveður, og ráðstafanir, sem bandalagið gerir til framkvæmda á 25. gr. bis í reglugerð (EBE) ráðs Evrópubandalaganna nr. 2142 frá 20. október 1970, sem síðast var breytt með Samkomulagi um aðildarskilmála og aðlögun að samningum, til að koma í veg fyrir óstöðugt verðlag og ójafna samkeppnisaðstöðu fyrir fisk, frystan um borð í skipi og frystan í landi, svo og til að ráða bót á erfiðleikum, sem gætu orðið við að halda jafnvægi á fiskframboði.

2. Innflutningstollar Efnahagsbandalagsins á eftirtöldum afurðum, upprunnum á Íslandi:

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing
03.01	Fiskur, nýr (lifandi eða dauður), kældur eða frystur: B. úr sjó: I. Heill, hausaður eða skorinn í bita f. karfi (Sebastes Marinus) h. þorskur (Gadus Morrhua eða Gadus Callarias) ij. ufsi (Pollachius Virens eða Gadus Virens) k. ýsa (Gadus Aeglefines)

breytast þannig:

fyrir vörur í tollskrárnúmeri 03.01 B I f

Tímaáætlun	Tollur á innflutning til bandalagsins, í upphaflegri mynd þess, og til Írlands %	Tollur á innflutning til Bretlands %	Tollur á innflutning til Danmerkur og Noregs %
1. júlí 1973	6	8	0
1. janúar 1974	5	6	0
1. janúar 1975	4	4	0
1. janúar 1976	2	2	2

fyrir vörur í tollskrárnúmeri 03.01 B I h, ij, k

Tímaáætlun	Tollur á innflutning til bandalagsins, í upphaflegri mynd þess, og til Írlands %	Tollur á innflutning til Bretlands %	Tollur á innflutning til Danmerkur og Noregs %
1. júlí 1973	12	9	0
1. janúar 1974	9	7	0
1. janúar 1975	6	5	0
1. janúar 1976	3,7	3,7	3,7

Varðandi innflutning þessara afurða gildir það viðmiðunarverð, sem Efnahagsbandalagið ákveður.

3. Innflutningstollar Efnahagsbandalagsins á eftirtöldum afurðum, upprunnum á Íslandi:

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing
16.04	Fiskur, tilreiddur eða niðursoðinn, þar með talin styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra: C. síld C. annað (þó ekki niðurlagður, reyktur ufsi (sjólax)).

breytast þannig:

Tímaáætlun	Tollur á innflutning til bandalagsins, í upphaflegri mynd þess %	Tollur á innflutning til Írlands %	Tollur á innflutning til Danmerkur, Noregs og Bretlands %
1. júlí 1973	18	38	0
1. janúar 1974	16	31	4
1. janúar 1975	14	24	6
1. janúar 1976	12	17	8
1. janúar 1977	10	10	10

2. gr.

1. Efnahagsbandalagið áskilur sér rétt til að láta ákvæði þessarar bókunar ekki koma til framkvæmda, ef ekki næst viðunandi lausn fyrir aðildarríki Efnahagsbandalagsins og Íslands á efnahagserfiðleikum, sem leiða af ráðstöfunum Íslands varðandi fiskveiðiréttindi.

Efnahagsbandalagið mun tilkynna Íslandi, þegar er aðstæður leyfa, og eigi síðar en 1. apríl 1973, ákvörðun sína í þessu efni.

2. Nú fæst ekki viðunandi lausn fyrr en eftir þetta tímamark, og getur þá Efnahagsbandalagið frestað ákvörðun um framkvæmd ákvæða þessarar bókunar, enda tilkynni það Íslandi þá ákvörðun.

Strax og þessi ákvörðun hefur verið tekin, tilkynnir Efnahagsbandalagið Íslandi hana.

3. Ef ákvæði þessarar bókunar koma til framkvæmda eftir 1. júlí 1973, mun Efnahagsbandalagið gera þær breytingar, sem nauðsynlegar kunna að reynast, á tímaáætlununum í 1. gr.

3. gr.

Ísland áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um afhendingu fullgildingarskjala sinna, án þess að brjóta í bága við ákvæði 37. gr. samningsins, með hliðsjón af beitingu ákvæða 2. gr.

Lokabókun

Fulltrúar

EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU

og

LÝÐVELDISINS ÍSLANDS,

samankomnir í Bruxelles 22. júlí 1972,

til að undirrita samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands, hafa, um leið og samningurinn var undirritaður,

gert sér ljósar yfirlýsingar þær, sem taldar eru hér á eftir og aukið er við þessa lokabókun:

1. Yfirlýsing Efnahagsbandalags Evrópu varðandi 1. tl. 23. gr. samningsins.
2. Yfirlýsing Efnahagsbandalags Evrópu varðandi svæðisbundna framkvæmd tiltekinna ákvæða samningsins.

GJÖRT í Bruxelles, tuttugasta og annan dag júlímánaðar nítján hundruð sjötíu og tvö.

Yfirlýsingar

Yfirlýsing Efnahagsbandalagsins varðandi 23. gr.

Efnahagsbandalag Evrópu lýsir yfir því, að við sjálfstæða framkvæmd ákvæða 23. gr., sem fellur í hlut samningsaðilanna að annast, muni það meta atferli, sem brýtur í bága við ákvæði greinarinnar, frá þeim sjónarmiðum, sem leiða af framkvæmd reglna 85., 86., 90. og 92. gr. samningsins um stofnun Efnahagsbandalagsins.

Yfirlýsing Efnahagsbandalagsins varðandi svæðisbundna framkvæmd tiltekinna ákvæða samningsins

Efnahagsbandalagið lýsir yfir, að framkvæmd aðgerða, sem það kann að grípa til samkvæmt 23., 24., 25. og 26. gr. samningsins í samræmi við reglur 27. gr. og eftir þeim leiðum, sem þar eru greindar, svo og samkvæmt 28. gr., muni geta takmarkazt, í samræmi við reglurnar sjálfar, við eitt af landsvæðum bandalagsins.